

**SKOÐUN** Björn Guðmundsson, íbúi í Norðlingaholti, skrifar um skógræktaröfgar í Elliðaárdal. 16



**MENNING** Brynja Þorgeirsdóttir tekur við sem ritstjóri Djöflaeyjunnar á RÚV. 34



**SPORT** Rúnar Kárason og félagar hjá Grosswallstadt hafa átt í vandræðum með að fá greidd laun í vetur. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
7. maí 2013
106. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Grípa þarf til aðgerða

Ekki dugar lengur að þagga niður vandann sem ríkir í fataiðnaði í Bangladess heldur þurfa vestræn fyrirtæki að grípa til raunverulegra aðgerða. Þetta segja sérfræðingar í almannatengslum. 12

**Fornskógurinn í Drumbabót** Nú er sannað að birkiskógur í Fljótshlíð eyddist í hamfaraflóði veturinn 822 til 823. 2

**Neita sök** Lýður Guðmundsson og Bjarnfreður Ólafsson segjast ekki hafa gert neitt rangt við 50 milljarða hlutafjáraukningu í Exista. 6

**Utanríkismál vegalítil** Sagnfræðingur telur mikilvægi utanríkismála í myndun ríkisstjórnar veigaminni en oft áður. 10




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | NA | 5 |
| Akureyri | 6° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | 6° | | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | SA | 4 |
| Reykjavík | 8° | | NA | 4 |

**Rigning með köflum** eða slydda sunnan- og austanlands en bjart með köflum norðaustan til. Strekkingur allra syðst annars fremur hægur vindur. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Bílar









# Erlendir ógæfumenn gista hjá lögreglunni

Hópur erlendra útigangsmanna hefur engan næturstað og leitar því á náðir lögreglu til að geta hallað höfði sínu. Þeir mega ekki sækja gistiskýlin nema hafa skráð lögheimili í Reykjavík. „Sorglegur veruleiki,“ segir aðalvarðstjóri.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta er síðasta sort,“ segir Jóhann Karl Þórisson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sjö útigangsmenn gistu fangageymslur í fyrrinótt að eigin ósk því þeir höfðu ekki í önnur hús að venda. Stór hluti mannanna er af erlendum uppruna. Vegna uppruna síns eiga þeir ekki kost á að nota gistiskýlin í borginni því til þess þurfa skjólstæðingar að hafa skráð lögheimili í Reykjavík.

„Þeir fá enga sérmeðferð heldur er bara skellt í lás á eftir þeim eins og öðrum föngum. Þeir þurfa því að fá sérstakt leyfi til að pissa eins og gengur um aðra svo banka þeir bara á hurðina að morgni þegar þeir vilja komast út og er þá sleppt. Þetta er mjög sorglegur veruleiki,“ segir Jóhann.

> **Þetta er mjög sorglegur veruleiki.“**
> *Jóhann Karl Þórisson, aðalvarðstjóri*

Reykjavíkurborg hyggst skoða mál erlendu mannanna sérstaklega. „Þetta er nýr vandi sem við blasir,“ segir Elfa Björk Ellertsdóttir, upplýsingafulltrúi velferðasviðs borgarinnar.

„Það er hér hópur erlendra manna á vergangi sem varð fyrst sýnilegur fyrir einhverri alvöru í fyrravor. Þetta er því miður ekki í fyrsta sinn sem þeir sækja í lögreglustöðina í ár. En þangað hafa þeir sótt nokkrum sinnum frá því í mars. Okkur þykir sannarlega kominn tími til að skoða þeirra mál sérstaklega,“ segir Elva.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru mennirnir sem um ræðir í kringum tíu. Þeir hafast við í miðbænum á daginn eða nýta sér dagsetur á Hólmaslóð. Hjálpræðisherinn er lokaður á sumrin og nýttur sem gistiheimili fyrir ferðamenn. Mennirnir eru því með öllu úrræðalausir. - mlþ





**ÍSLANDSMEISTARAR DAG EFTIR DAG** Karla- og kvennalið Fram urðu Íslandsmeistarar í handbolta tvo daga í röð. Stelpurnar unnu á sunnudaginn og strákarnir fylgdu því síðan eftir með því að vinna titilinn í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM, VALLI

Rannsakaði muninn á ummælum og hegðun karla og kvenna á Facebook:

# Konur eru montnari á Facebook

**MENNING** „Þetta var þrælgaman. Ég sat og glotti við tönn megnið af tímanum,“ segir Finnur Friðriksson, dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hann komst að áhugaverðum niðurstöðum þegar hann rannsakaði muninn á ummælum og hegðun karla og kvenna á einni Facebook-síðu yfir einn sólarhring. Hann skoðaði tvö hundruð stöðuuppfærslur frá 113 mismunandi einstaklingum og 516 ummæli frá 360 einstaklingum á síðunni.

Finnur flokkaði efnið á Facebook í samfélags-, stjórnmála- og hversdagsflokka. Samkvæmt niðurstöðu hans setja konur tvöfalt oftar en karlar inn hversdags-stöðuuppfærslur, til dæmis ef þær hafa skroppið í bíltúr á Þingvöll, sett inn myndir af börnunum, eða svokallaða „montstatusa“ um börnin sín. Í samfélagsflokki tjáðu konurnar sig um föt eða tísku en karlar ræddu íþróttir og skelltu inn bröndunum. Karlar tjáðu sig jafnframt mun meira um tónlist eða kvikmyndir en konur. Jafnræði var á milli kynjanna þegar stjórnmálaumræða var annars vegar.

Á Facebook virtust karlar tjá sig að langmestu leyti um stöðuuppfærslur hjá öðrum körlum og konur gerðu það sama hjá öðrum konum, eða í um 75% tilfella í báðum tilvikum.

- fb / sjá síðu 34



**RANNSÓKN** Finnur Friðriksson dósent skoðaði tvö hundruð stöðuuppfærslur frá 113 mismunandi einstaklingum á Facebook.

Fararsnið á Kvikmyndasafni:

# Segja ófært að deila Bæjarbíói

**STJÓRNSÝSLA** Forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands segir safnið munu hverfa frá Hafnarfirði og kvikmyndasýningar í bænum leggjast af verði Gaflaraleikhúsinu falinn rekstur Bæjarbíós.



**ERLENDUR SVEINSSON**

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði vilja að Gaflaraleikhúsið taki við rekstri Bæjarbíós og að Kvikmyndasafnið verði þar líka. Forstöðumaðurinn segir það ekki ganga. Kvikmyndasafnið hafi flust í Hafnarfjörð vegna Bæjarbíós. Safnið muni leita réttar síns vegna tugmilljóna sem fóru í endurgerð hússins sem hafi bjargað því „frá þeirri niðurlægingu sem það var komið í eftir margra ára leikhússtarfsemi“. - gar

Misskilningur leiðréttur:

# Leifsstöð heitir ekki Leifsstöð

**SAMGÖNGUR „Isavia ohf. fer vinsamlega fram á að notkun nafnsins Leifsstöð verði hætt í fréttaflutningi þegar átt er við Flugstöð Leifs Eiríkssonar en þess í stað notað fullt nafn flugstöðvarinnar, styttingu þess „FLE“, Keflavíkurflugvöllur eða flugstöðin á Keflavíkurflugvelli eftir því sem best þykir henta hverju sinni,“ segir í orðsendingu frá Isavia.**

**Vísað er til þess að Leifsstöð sé skráð firmanafn óskylds aðila. Því sé enginn réttur til notkunar nafnsins í tengslum við flugstöðina.**

**„Orðið virðist á hinn bóginn allmikið notað í daglegu tali fólks og stundum á opinberum vettvangi, hugsanlega til styttingar í einhverjum tilvikum eða hreinlega af vana en það réttlætir ekki notkunina á opinberum vettvangi,“ segir Isavia.** - gar




## SPURNING DAGSINS



**SPURNING DAGSINS**

Er allt hægt á Djúpavogi?

**„Ekki spurning! Allir góðir hlutir gerast hægt.“**

Gauti Jóhannesson er sveitarstjóri Djúpavogshrepps sem er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem gengur til liðs við Cittaslow-hreyfinguna.

Hæstiréttur staðfestir að pólskur afbrotamaður verði sendur heim:

# Grunaður um fjölda glæpa

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms þar sem ákvörðun innanríkisráðherra um framsal pólsks afbrotamanns til Póllands var staðfest.

Maðurinn er ákærður í Póllandi fyrir að vera viðriðinn skipulögð glæpasamtök og þátttöku í skotbardaga. Hann er einnig ákærður fyrir tvær alvarlegar líkamsárásir og tilraun til ráns þar sem maður særðist en skorið var af honum annað eyrað. Hann er einnig ákærður fyrir ærumeiðingar í garð fangavarða sem voru við skyldustörf.

Í greinargerð ríkissaksóknara kemur fram að maðurinn hafi í júlí 2006 verið dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að vera viðriðinn skotárás í nóvember 2000 þar sem einn maður lést og annar særðist lífshættulega.

Maðurinn krafðist að ákvörðun innanríkisráðuneytisins yrði felld úr gild og sagðist óttast að hann myndi ekki njóta réttlátrar málsmeðferðar heima fyrir. Á þetta féllst hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur. - hó



**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur staðfesti framsalsbeiðni í gær.

Erill hjá lögreglunni:

# Rotaði mann og ók á brott

**LÖGREGLUMÁL** Maður var handtekinn í Breiðholti í fyrrinótt grunaður um líkamsárás og ölvun við akstur. Sá handtekni hafði rotað mann á veitingahúsi í austurborginni og farið burt af vettvangi á bifreið.

Maðurinn fékk að gista fangageymslur og til stóð að ræða við hann þegar runnið væri af honum.

Þá réðst kona í annarlegu ástandi á starfsmann veitingahúss og var handtekin. - kh



**ÓÖLD** Sautján ára piltur lést af sárum sínum í fyrrakvöld. Hann var skotinn í höfuðið á götu úti í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Mikill órói ríkir í undirheimum Kaupmannahafnar:

# Táningur myrtur á götu úti

**DANMÖRK Sautján ára piltur lést af skotsárum á Ríkisspítalanum í Danmörku á aðfaranótt mánudags. Þetta er þriðja dauðsfallið í Kaupmannahöfn á þessu ári eftir skotárásir á götum úti. Pilturinn var skotinn tvisvar í höfuðið á fjölförnum stað í Tingbjerg-hverfi á sunnudagskvöld. Þar er ein fjölmennasta glæpaklíka borgarinnar, Loyal to Familia, einmitt fyrirferðarmikil.**

**Lögregla sagði að verknaðurinn bæri flest merki aftöku þar sem skotmaðurinn gekk beint upp að piltinum og skaut hann af stuttu færi.**

Frá áramótum hefur mikill órói einkennt undirheimana í Kaupmannahöfn þar sem stórar klíkur berast á banaspjót og hnífa- og skotárásir skipta tugum. Lögregla fékk nýlega aukafjárveitingu að upphæð tíu milljónir danskra króna til að bregðast við ástandinu. - þj

Forsætisráðherra fundar:

# Segist ekki líða gyðingahatur

**UNGVERJALAND, AP** Forsætisráðherra Ungverjalands, Viktor Orban, segir stjórnvöld í landinu ekki líða gyðingahatur. Hann ávarpaði heimsþing gyðinga við upphaf þess í gær, en var harðlega gagnrýndur. Orban sagði gyðingahatur færast í vöxt í landinu, sem og í Evrópu. Það mætti ekki umbera.

Þrátt fyrir að ræðu Orban hafi verið fagnað að hluta lýstu fulltrúar einnig yfir vonbrigðum með að hann hafi ekki talað um þriðja stærsta stjórnmálaflokk landsins, hægriflokkinn Jobbik. Flokkurinn mótmælti flokksþinginu um helgina. - þeb

Samtök þjóðhagsstofnana:

# Lægra matvælaverði spáð

**NEYTENDUR Verð á hráefni lækkar að meðaltali um þrjú prósent í ár, samkvæmt spá samtaka evrópskra þjóðhagsstofnana, AIECE. Gert er ráð fyrir að verð á matvælum lækki mest eða um tíu prósent, að því er kemur fram í frétt á vef Hufvudstadsbladet.**

**Ástæðan er sögð vera hægur hagvöxtur í heiminum. Offramboð er á mörgum tegundum hráefnis og veldur það verðlækkun.**

**Veruleg hækkun varð á verði á matvælum árið 2011 en í fyrra lækkaði það um fimm prósent. Verð á kaffi, kakói og tei hefur lækkað um næstum fjórðung.** - ibs

# Fornskógur eyddist í flóði veturinn 822-23

Með nákvæmustu rannsókn sinnar tegundar hér á landi liggur fyrir að fornskógurinn í Drumbabót eyddist veturinn 822-23. Hér er nær örugglega fengin „dagsetning“ á síðasta hamfaraflóði frá Kötlu sem fór vestur og yfir Markarfljótsaura.

**RANNSÓKNIR** Tekist hefur að aldursgreina fornskógaleifar við eyrar Þverár í Fljótshlíð af mikilli nákvæmni. Nú er sannað að skógurinn eyddist í jökulhlaupi veturinn 822 til 823, og það nær örugglega eftir Kötlugos. Staðurinn nefnist Drumbabót og er í landi eyðibýlisins Aurasels.

Ólafur Eggertsson, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins, segir um að ræða nákvæmustu aldursgreiningu með geislakolsaðferð (C-14) á einstökum atburði sem framkvæmd hefur verið á Íslandi. Rannsóknin fór fram í vetur við ETH-háskólann í Zürich í Sviss. Mældir voru allir árhringir í einu fornbirkinu frá Drumbabót og niðurstöðurnar sýndu að árhringurinn næst berki í trénu myndaðist sumarið 822.

„Þessi nákvæma aldursgreining byggir á því að árin 774 og 775 eftir Krist urðu mjög miklar breytingar á geislakoli í andrúmslofti og er þessi atburður skráður, ef svo má segja, í árhringjum forntrjánna í Drumbabót. Hlaupið sem grandaði skóginum á Markarfljótsaurum átti sér því stað veturinn 822-23, mjög líklega vegna eldgoss í Kötlu. Hér eru því að öllum líkindum komnar upplýsingar um síðasta hamfaraflóðið sem fór í vestur og yfir Markarfljótsaura,“ segir Ólafur.

Nú vinnur Ólafur að því að finna öskulag frá Kötlu sem passar við upplýsingarnar úr C-14 mælingunni. Það hefur ekki tekist enn þá, en í aldursgreiningum Kötluösku í borkjarna frá Mývatni segir Ólafur að nytsamlegar upplýsingar liggi fyrir.

Ekki er rannsóknin einsdæmi. Við Selsund við Heklurætur er skógur sem eyddist í öskuflóði sem Ólafur telur að megi aldursgreina með svipuðum hætti. Um mun eldri atburð er að ræða í því tilviki, en sá atburður átti sér stað fyrir um 2.800 árum.

Ólafur bætir við að árið 2004 voru gerðar aldurgreiningar á forntrjánum með geislakolsgreiningu og niðurstöður þeirra sýndu að skógurinn eyddist fyrir um 1.200 árum (755-830). Í Drumbabót er á hverjum hektara lands 500–600 lurkar. Gildustu lurkarnir eru yfir 30 sentimetrar í þvermál sem er sambærilegt við stór birkitré í skógum landsins í dag.

svavar@frettabladid.is



**Í FLJÓTSHLÍÐ** Í Drumbabót er fjöldi trjádrumba sem standa 20 til 60 sentímetra upp úr sandi. Allt eru þetta birkitré og mælingar sýna að þau drápust öll á nákvæmlega sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Hér eru því að öllum líkindum komnar upplýsingar um síðasta hamfaraflóðið sem fór í vestur og yfir Markarfljótsaura**
>
> *Ólafur Eggertsson sérfræðingur hjá Skógræktinni*


**Til leigu verslunarhúsnæði á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar**




Til leigu verslunarhúsnæði við Fjarðargötu 19 í miðbæ Hafnarfjarðar.
Hægt er að leigja húsnæði á bilinu 130 til 364,2 fermetrar.
Góð bílastæði, gott aðgengi og stórir gluggar. Húsnæðið er laust.

**Uppl. veita Úlfar Þór Davíðson s: 897-9030 og Gunnar Skúli Guðjónsson 696-7008**


Bjarni Benediktsson segir stjórnarmyndunarviðræður ganga ljómandi vel:

# Nálgast nýjan stjórnarsáttmála

**STJÓRNMÁL** „Við erum að ná utan um rammann að stjórnarsáttmála smám saman, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í gærkvöld um gang stjórnarmyndunarviðræðnanna við Framsóknarflokksins.

Bjarni og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, héldu í gær áfram viðræðum sínum í sumarhúsi við Þingvallavatn.

„Þetta hefur gengið ljómandi vel þessa tvo daga. Við byrjum á stóru myndinni og fikrum okkur smám saman niður eftir málaflokkunum. Ég sé fyrir mér að við endum á frágangsatriðum þegar að fram í sækir. Auðvitað eru efnahagsmálin fyrirferðamikil til að byrja með,“ svaraði Bjarni sem ekki kvaðst telja fyrirstöðu vera í þeim efnum.

„En það er augljóst að efnahagsmál eru stóru mál næstu ára. Verkefnið er að endurheimta stöðugleika og fá hagkerfið til að vaxa að nýju. Við stöndum frammi fyrir þeirri miklu áskorun að láta enda ná saman í fjármálum ríkisins á sama tíma og við þurfum að styðja við skuldsett heimili og leita leiða til að auka ráðstöfunartekjur fólks.“



**Á ÞINGVÖLLUM** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson ræddu myndun ríkisstjórnar í gær. MYND/SVANHILDUR HÓLM

Aðspurður sagði Bjarni skiptingu ráðuneyta afskaplega takmarkað verið rædda og alls ekki hver eigi að gegna embætti forsætisráðherra. „Við höfum ekki rætt það ennþá,“ svaraði Bjarni. - gar



**Audi A8** W12 Quattro
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 70.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**7.900.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi Q7** 4,2 (USA)
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.790.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 122.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**6.390.000,-**



**VW Polo** Comfortl 1,4
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 90.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.190.000,-**



**Toyota Yaris** 1,0
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 88.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**990.000,-**



**Toyota Yaris**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 100.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.190.000,-**



**Volkswagen Caddy**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 85.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.290.000,-**



**VW Passat** Highline 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 55.200 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.690.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**9.390.000,-**



**Skoda Superb** Combi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.290.000,-**



**Audi A6** 4,2 Quattro
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 80.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.490.000,-**



**Porsche** Cayenne
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 103.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.650.000,-**



**Ssangyong** Kyron NEW
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 160.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.550.000,-**



**VW Touareg** V6 TDI
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.290.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
Árgerð 2003, dísil
Ekinn 205.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.660.000,-**



**Audi A4** 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 56.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.950.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.450.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## GENGIÐ
06.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,79 | 116,35 |
| Sterlingspund | 180,21 | 181,09 |
| Evra | 151,7 | 152,54 |
| Dönsk króna | 20,347 | 20,467 |
| Norsk króna | 19,877 | 19,995 |
| Sænsk króna | 17,715 | 17,819 |
| Japanskt jen | 1,1668 | 1,1736 |
| SDR | 174,65 | 175,69 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
206,8504

Ríkið greiddi stjórnmálaflokkunum um 300 milljónir á ári á kjörtímabilinu:

# Flokkarnir fengið 1,2 milljarða króna

**FJÁRMÁL** Framlög ríkisins til stjórnmálaflokka á árunum 2010 til 2013 nema rúmlega 1,2 milljarði króna. Árlegar greiðslur hafa numið frá 295 til 334 milljóna króna á ári.

Þetta kemur fram í yfirliti fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Greiðslur til stjórnmálasamtaka eru samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Framlagið fer til stjórnmálasamtaka sem hafa fengið hið minnsta einn mann kjörinn á þing eða náð 2,5% atkvæða. Það framlag skiptist hlutfallslega milli flokka eftir atkvæðamagni í næstliðnum kosningum.

Samfylkingin hefur fengið 375 milljónir á tímabilinu, Vinstri græn 273 milljónir. Sjálfstæðisflokkur fékk í sinn hlut 298 milljónir og Framsóknarflokkurinn 186 milljónir. Fimmti flokkurinn sem hlaut greiðslur úr ríkissjóði á tímabilinu var Borgarahreyfingin eða 91 milljón.

Þegar litið er til greiðslu til stjórnmálahreyfinga er taka til úrslita nýliðinna kosninga kemur í ljós að þrjár hreyfingar náðu 2,5% lágmarkinu án þess að tryggja sér þingmann; Dögun, Flokkur heimilanna og Lýðræðisvaktin. Greiðslur til þeirra verða hátt í 30 milljónir króna, en framlögin koma ekki til greiðslu fyrr en í byrjun næsta árs. - shá

**➜ Framlög til flokka 2010-2013**




Allr tölur eru í milljónum króna

Búast má við betra veðri:

## Hiti gæti farið upp í tólf stig

**VEÐUR** Ellefu stiga hita mældist í Skaftafelli í gær en níu stig í Reykjavík. „Þetta er ágætis hiti en hvort sumarið er komið þori ég ekki að segja. Það gætu komið einhverjar breytilegar áttir með hlýindum en svo kólnar aftur. Svona er þetta bara alltaf í apríl og maí," segir Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

„Það hlýnar kannski heldur næstu daga. Verður norðaustanátt á miðvikudag og norðaustan eða breytileg á fimmtudag. Það ætti því að verða heldur hlýrra í bili. Hitinn gæti farið upp í tólf stig á suðvesturhorninu. Á föstudag er útlit fyrir að það verði suðlægar áttir um helgina og hiti tvö til sjö stig." - kh

Ölögleg Skagakona á ferð:

## Án ökuréttinda í þrettánda sinn

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi stöðvaði fyrir skömmu konu við akstur sem reyndist ökuréttindalaus. Þetta var í þrettánda skiptið sem hún er stöðvuð vegna þessa.**

**Þá stöðvuðu lögreglumenn annan ökumann sem þeir vissu að var sviptur ökuréttindum og stöðvuðu för hans. Prófun á lögreglustöð benti til að hann væri auk þess undir áhrifum amfetamíns, metamfetamíns og kannabisefna. Læknir var fenginn á lögreglustöð til að taka blóðprufu sem send var til frekari rannsóknar.** - kh

### ÁRÉTTING

Myndin sem fylgdi frétt í blaði gærdagsins um tilraunaverkefni upplýsingaveitunnar Já var ekki af bíl á vegum fyrirtækisins líkt og mátti skilja af myndatexta.

# Kvikmyndasafnið farið fái Gaflaraleikhúsið Bæjarbíó

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hyggst fela Gaflaraleikhúsinu rekstur Bæjarbíós sem Kvikmyndasafn Íslands leigir. Forstöðumaður safnsins segir það munu taka niður sýningarvélarnar, hverfa úr Hafnarfirði og leita réttar síns.

**STJÓRNSÝSLA** „Sýningar kvikmynda á vegum safnbíós eins og Kvikmyndasafnið rekur geta ekki átt samleið með rekstri leikhúss í sama húsnæði," segir í bréfi Erlends Sveinssonar, forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands, vegna ákvörðunar bæjarráðs Hafnarfjarðar að fela Gaflaraleikhúsinu rekstur Bæjarbíós.

Í bréfi Erlends segir að verði leikhúsi falinn rekstur hússins verði kvikmyndasýningum hætt. „Mun safnið þá eðli málsins samkvæmt í kjölfarið taka niður sýningaraðstöðu sína, sýningarvélar, myndvarpa, sýningartjald, öryggiskerfi og fleira. Jafnframt er eðlilegt að safnið kanni rétt sinn vegna kostnaðar sem það hefur lagt út í," skrifar Erlendur.

Þrátt fyrir þessa skýru afstöðu Kvikmyndasafns Íslands samþykkti bæjarráðið að fela bæjarstjóra að undirbúa samning við Gaflaraleikhúsið um umsjón og rekstur Bæjarbíós og einnig samninga við Leikfélag Hafnarfjarðar og Kvikmyndasafn Íslands um afnot af húsnæðinu.

„Bæjarráð leggur áherslu á að við útfærslu nauðsynlegra endurbóta á húsnæðinu verði eftir fremsta megni tekið tillit til þarfa Kvikmyndasafnsins vegna sýningarhalds þess í húsinu og hugað verði að því að vernda það sem enn telst upprunalegt og hefur sérstakt varðveislugildi," var bókað í bæjarráðinu.

Erlendur segist í samtali við Fréttablaðið ekki vilja tjá sig um málið að svo stöddu. Í fyrrgreindu bréfi til bæjaryfirvalda segir hann málið mundu verða óheillaspor fyrir kvikmyndamenningu þjóðarinnar og að kvikmyndasýningar leggjast af í Hafnarfirði til frambúðar. Kvikmyndasafnið hafi flutt í Hafnarfjörð vegna Bæjarbíós.

„Sá flutningur var ekki óumdeildur og ráðuneyti menningar- og menntamála hefur orðið að verja þá ákvörðun allt til þessa dags vegna viðvarandi kröfu um að starfsemin eigi fremur heima í miðbæ Reykjavíkur en í Hafnarfirði," segir í bréfi forstöðumannsins sem bendir á sögulega sérstöðu Bæjarbíós.

„Það er hiklaust talið einstakt í sinni röð, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað," segir Erlendur, sem einnig minnir á að ríkið hafi lagt tugmilljónir króna í að færa bíóið til upprunalegs horfs. „Með þeirri endurgerð og virðingu fyrir sögu hússins hefur því verið bjargað frá þeirri niðurlægingu sem það var komið í eftir margra ára leikhússtarfsemi." gar@frettabladid.is




**ERLENDUR SVEINSSON** Forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands segir ómetanlegu menningarlegu djásni verða umbylt verði rekstur Bæjarbíós í Hafnarfirði falinn leikhúsi. Safnið muni þá hverfa úr bænum með allar sýningarvélar sínar. SANMSETT MYND




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELDUR HLÝNAR** um landið norðanvert næstu daga þó ekki séu hlýindi í kortunum. Á morgun og fimmtudag verður nokkuð bjart, síst þó á Austurlandi, en á föstudag snýst í sunnanátt með dálítilli vætu.




**Á morgun**
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.




**Fimmtudagur**
Hæg eða fremur hæg breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Berlín | 24° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 25° | New York | 20° | París | 21° |
| Aþena | 21° | Billund | 19° | Gautaborg | 17° | London | 20° | Orlando | 26° | San Francisco | 18° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 17° | Mallorca | 23° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 19° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DREGIÐ
Á FÖSTUDAGINN

HAPPDRÆTTI das

# 1.000

## MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR




### FULLT SKOTT AF PENINGUM

**5 milljónir króna í skottinu**

á tvöfaldan miða

eða 10 milljónir í peningum.

### SEX ✕ VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.



**MILLJÓNAVINNINGAR**

**7x6 milljónir og 39x4 milljónir**

Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

**Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.**

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.**



STYRKTU MÁLEFNI ALDRAÐRA

Leggjum okkar af mörkum og búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Happdrætti DAS hefur tekið þátt í því verkefni í 59 ár.

*dregið í hverri viku*

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 63218 05/13

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Blanda af hvaða dýrum er tölvugerði gripurinn sem undirfyrirtæki Disney notaði sem fyrirmynd í tölvuleik?
**2.** Hvað heitir þingmaður breska íhaldsflokksins, sem sakaður hefur verið um tvær nauðganir?
**3.** Hvaða lið er nýkrýndur Íslandsmeistari í handknattleik kvenna?

**SVÖRN**

1. Hrút og ísbirni 2. Nigel Evans 3. Fram

HB Grandi hefur lokið kolmunnaveiðum og 21.000 tonn komin á land:

# Ástand kolmunnans sagt ágætt

**SJÁVARÚTVEGUR** Ingunn AK, skip HB Granda, kom til Vopnafjarðar í gærmorgun með um 2.000 tonn af kolmunna sem fengust á veiðisvæðinu sunnan Færeyja um helgina. Að sögn Róberts Axelssonar í viðtali á heimasíðu fyrirtækisins, sem var skipstjóri í veiðiferðinni, gengu veiðarnar vel og aldrei þessu vant var veðrið með skásta móti.

„Þetta leit ekkert of vel út þegar við fórum frá Vopnafirði en veðurspáin breyttist og fyrir utan kaldaskít fyrsta hálfa daginn eða svo þá var veðrið bara fínt. Við fengum þennan afla í fimm holum á rúmum tveimur sólarhringum. Kolmunninn er farinn að fitna og það var töluvert líf á veiðisvæðinu. Ástand stofnsins virðist að minnsta kosti vera ágætt miðað við það sem við höfum séð síðustu vikurnar,“ segir Róbert.

Með þessum farmi er heildarkolmunnaveiði skipa HB Granda á vertíðinni, sem stóð í einn mánuð, orðin rúmlega 21.000 tonn og eftirstöðvar úthlutaðs árskvóta, um 1.100 tonn, verða nýttar í sumar þegar veiðar á norsk-íslenskri síld og makríl hefjast. Það verður að öllu óbreyttu ekki fyrr en í byrjun júlímánaðar. - shá



**INGUNN AK** Skip HB Granda hafa lokið kolmunnaveiðum.

Skemmdarvargar í Keflavík:

# Unnu skemmdir á fimm bílum

**LÖGREGLUMÁL** Skemmdir voru unnar á fimm bifreiðum í Keflavík um helgina. Athæfið átti sér stað aðfaranótt laugardagsins.

Tvær bifreiðanna stóðu við Ránargötu og þrjár við Suðurgötu. Í öllum tilvikum voru hliðarspeglar bifreiðanna brotnir og ein þeirra hafði einnig verið rispuð.

Lögreglan á Suðurnesjum biður þá sem kunna að búa yfir upplýsingum um hver eða hverjir voru þarna að verki að hafa samband. - kh






**TVEGGJA ÁRA REFSIRAMMI** Allt að tveggja ára fangelsi liggur við brotinu sem Lýður og Bjarnfreður eru sakaðir um. Hér sjást þeir ásamt verjendum sínum, Gesti Jónssyni, lengst til vinstri, og Þorsteini Einarssyni, öðrum frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eftirlitsaðilar sáu ekkert athugavert

Lýður Guðmundsson og Bjarnfreður Ólafsson segjast ekki hafa gert neitt rangt við fimmtíu milljarða hlutafjáraukningu Existu. Aðeins einn milljarður var greiddur fyrir hana. Endurskoðendur segja að þeir hefðu aldrei kvittað upp á viðskiptin.

**DÓMSMÁL** Eftirlitsaðilar sáu ekkert athugavert við hlutafjáraukninguna í Existu fyrr en hálfu ári eftir að hún var um garð gengin. Þeim var þó fullkunnugt um að einungis hefði einn milljarður verið greiddur fyrir fimmtíu milljarða hlutafjáraukningu.

Þetta kom fram í máli Helga Sigurðssonar, fyrrverandi yfirlögfræðings Nýja Kaupþings, við aðalmeðferð í máli Sérstaks saksóknara gegn Lýði Guðmundssyni og Bjarnfreði Ólafssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur nú í morgun.

Nýja Kaupþing kærði málið, en Helgi segir að eftirlitsaðilar, Fyrirtækjaskrá, Kauphöll Íslands og Fjármálaeftirlitið, hafi í engu brugðist við þegar fulltrúar bankans gerðu athugasemdir við framkvæmd hlutafjáraukningarinnar þegar hún átti sér stað. „Þeim fannst þetta greinilega ekkert athugavert,“ sagði Helgi.

Í málinu eru Lýður Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Existu, og Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður á Logos, ákærðir fyrir brot á hlutafélagalögum.

Málið snýst um fimmtíu milljarða hlutafjáraukningu Exista í desember 2008, sem aðeins var greitt fyrir með einum milljarði króna. Hann var fenginn að láni frá Lýsingu, dótturfélagi Existu.

Kveðið er á um það í 16. grein hlutafélagalaga að ekki megi greiða minna en nafnverð fyrir hlut í félagi. Samkvæmt því hefði átt að greiða 50 milljarða fyrir hlutafjáraukninguna.

Lýður og Bjarnfreður neita báðir sök í málinu. Lýður segir af og frá að hann hafi brotið lög vísvitandi. „Ég tel okkur hafa greitt sannvirði fyrir hlutinn,“ sagði hann í morgun, og bar fyrir sig mat bæði frá Deloitte og Fjármálaeftirlitinu, sem hafi lagt blessun sína yfir gjörninginn.“

Í öðrum lið ákærunnar er Lýður ákærður, ásamt Bjarnfreði, fyrir að skýra rangt og villandi frá hlutafjárhækkuninni með tilkynningu til Fyrirtækjaskrár.

Bjarnfreður sagðist fyrir dómi í gær hafa verið fullur efasemda um að fallist yrði á þessa leið Existumanna, en hann hafi engu að síður hafa gert rétt með því að senda tilkynningu um hækkunina til Fyrirtækjaskrár, enda hafi hann þar bara verið að sinna skyldu sinni sem lögmaður félagsins.

„Hún er 100% hárrétt og ég mundi orða hana eins aftur í dag. Það var rétt ákvörðun hjá mér að gera eins og mér var boðið af umbjóðanda mínum.“

Endurskoðendur Deloitte koma nokkuð við sögu í málinu. „Afstaða okkar kom skýrt fram – að við gætum ekki skrifað upp á þessa fimmtíu milljarða hækkun,“ sagði endurskoðandinn Hilmar Alfreðsson fyrir dómi um fundi sem endurskoðendurnir áttu með Existumönnum. Það sama sagði Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte.

Þeir unnu hins vegar skýrslu um viðskiptin, sem Existu-menn og lögmenn Logos segjast hafa túlkað sem svokallaða sérfræðiskýrslu í skilningi hlutafélagalaga, þannig að Deloitte hafi með henni lagt blessun sína yfir viðskiptin.

Sjálfir segja endurskoðendurnir það af og frá og kvörtuðu meira að segja til Logos þegar þeir sáu að Bjarnfreður hafði sent skýrsluna til Fyrirtækjaskrár með tilkynningunni um hlutafjáraukninguna.

Aðalmeðferð málsins heldur áfram í dag. stigur@frettabladid.is

## Sakborningarnir



**Lýður Guðmundsson** er 45 ára, fæddur í júlí 1967. Hann er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands og stofnaði Bakkavör ásamt Ágústi bróður sínum árið 1987. Hann var stjórnarformaður og forstjóri félagsins og stjórnarformaður Existu. Hann er nú með lögheimili í Bretlandi.



**Bjarnfreður Ólafsson** er 45 ára, fæddur í nóvember 1967. Hann er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og nam lögfræði við Háskóla Íslands og í Flórída. Hann er hæstaréttarlögmaður hjá Logos og er búsettur í Reykjavík.





# Símaskráin 2013

Í ár er Símaskráin tileinkuð sjálfboðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem eru alltaf til taks þegar kallið kemur og vinna þrekvirki við erfiðar aðstæður.




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## Þjóðin þakkar fyrir sig

Um allt land er fólk sem sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa komið til bjargar með ýmsu móti. Það voru því margir sem gripu tækifærið til að koma þökkum á framfæri í Símaskránni 2013.

Auk þakkarorða til sjálfboðaliða finnur þú í Símaskránni sérstakan slysavarnakafla og heilræði þar sem sjónum er beint að algengum slysavöldum í daglegu lífi.

---

**Símaskráin liggur frammi á eftirtöldum stöðum**

**Á höfuðborgarsvæðinu:**
- Afgreiðslustöðvar Olís og Skeljungs
- Verslanir Krónunnar
- Verslanir Símans, Vodafone og Tals
- Skrifstofa Já, Glæsibæ, Álfheimum 74

**Á landsbyggðinni:**
- Afgreiðslustöðvar Póstsins
- Verslanir Símans og Vodafone á Akureyri

118 — 118
Gulu síðurnar
Já.is
Stjörnur.is
Símaskrá
Já í símann
i.ja.is

já
- er svarið








# Hætti að greiða lán en hirti leigutekjur

**Ung einstæð móðir segir farir sínar ekki sléttar af leigusala. Sá hætti að greiða af leiguhúsnæðinu um það leyti sem hún flutti inn. Íbúðin fór á nauðungaruppboð konunni að óvörum. Hún hafði þá greitt 105 þúsund krónur á mánuði, í ár.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Sýslumaðurinn mætti bara heim til mín og bauð upp íbúðina. Ég hafði ekki heyrt neitt frá leigusalanum sem hafði þá, án minnar vitundar, hætt að greiða af íbúðinni á sama tíma og ég flutti inn," segir Þórunn María Örnólfsdóttir.

Í byrjun árs 2012 flutti Þórunn María í leiguhúsnæði á Akranesi. Hún greiddi leiguna samviskusamlega í eitt ár eða allt þar til hún fékk veður af yfirvofandi uppboði. Þá leitaði hún leiða í að losna undan leigusamningi.

Leigusali Þórunnar Maríu er Ingvar Örn Ingólfsson en hann birti á sunnudaginn færslu á vefritinu Eyjan.is undir fyrirsögninni „Missti húsið á uppboði en Arionbanki eltir hann með eftirstöðvarnar til Noregs". Ingvar ber sig, í færslunni, illa gagnvart þeim sem hann skuldar, Arion banka.

„Hann gleymdi alveg að minnast á það í pistlinum að hann þáði leigu upp á 105 þúsund krónur í hverjum mánuði," segir Þórunn María.

Ingvar, sem búsettur er í Noregi, segist hafa flúið land vegna greiðsluerfiðleika. Hann hafi séð þá stöðu vænsta að hætta að borga þar sem ekki gekk að semja við bankann. „Ég vildi bara losna við húsið og þeir vildu ekkert fyrir mig gera og ekki semja svo ég fór þessa leið."

Í Noregi er Ingvar að koma undir sig fótunum og hefur keypt hús þar í landi: „Ég er skráður fyrir húsnæði já, en ég á ekkert í því enn þá," segir Ingvar.



**GREIDDI 105.000 Í LEIGU MÁNAÐARLEGA** Þórunn María vissi ekki að leigusalinn hennar hugðist losna undan húsnæðisláni með því að hætta að greiða það.



**INGVAR ÖRN INGÓLFSSON**

Ingvar segir að það hafi ekki verið ætlunin að skaða Þórunni Maríu með neinum hætti. „Ég lét hana vita með smá fyrirvara í gegnum Facebook hvert stefndi. Ef henni finnst á sér brotið þá þykir mér það miður og ég ætla að heyra í henni fljótlega sjálfur og segja henni það," segir Ingvar. Spurður hvort ekki sé óeðlilegt að þiggja leigutekjur af húsnæði sem hann var hættur að greiða af segir hann svo ekki vera. „Hver ákveður það annars hvert leigutekjur eiga að renna. Ég hefði mögulega getað staðið betur að málum við Þórunni, ég viðurkenni það alveg en peningana notaði ég meðal annars til að greiða upp annað lán," segir Ingvar.

maria@frettabladid.is






## HEIMURINN




### Fimmtán látnir í Pakistan

**1** **PAKISTAN** Fimmtán manns hið minnsta eru sagðir hafa látist í sprengjuárás í norðvesturhluta Pakistans í gær. Tugir til viðbótar slösuðust.

Sprengjuárásin var gerð á kosningabaráttufundi hjá trúarlegum stjórnmálaflokki.

Sprengingin er sú síðasta í röð árása sem gerðar hafa verið á stjórnmálaflokka og frambjóðendur, en almennar kosningar í landinu fara fram á laugardag.

### 93 ára handtekinn vegna glæpa í heimsstyrjöld

**2** **ÞÝSKALAND, AP** 93 ára gamall maður hefur verið handtekinn í Þýskalandi fyrir aðild að morðum. Maðurinn er sagður hafa verið fangavörður í Auschwitz-fangabúðunum í seinni heimsstyrjöldinni.

Þýsk yfirvöld greindu frá því í gær að maðurinn, Hans Lipschis, hefði verið handtekinn. Maðurinn bjó lengi í Bandaríkjunum eftir stríðið en var vísað úr landi árið 1983. Hann hefur viðurkennt að hafa verið hluti af SS-sveitum nasista en segist þó aðeins hafa verið kokkur.

### Sjöfaldur forsætisráðherra látinn

**3** **ÍTALÍA, AP** Fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, Giulio Andreotti, er látinn. Hann var 94 ára gamall.

Andreotti var valdamikill maður á sínum tíma. Hann var einn þeirra sem skrifaði stjórnarskrá Ítalíu eftir seinni heimsstyrjöldina. Þá gegndi hann embætti forsætisráðherra sjö sinnum og sat í yfir 60 ár á þingi.

Hann var einnig umdeildur og sat undir ásökunum um að hafa aðstoðað mafíuna og hafa verið spilltur.



# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.520

IBTGADW4101

## TOPPA OG BITASETT.

41 stk. 1/4" toppar 4 - 14mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska



**5.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGCAI094R

## TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.230

IBTGCAI4601

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.

1/4" 4 - 14mm
Bitar og toppar
Framlengingar
Sterk plasttaska



**6.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGAAI5801

## SKRÚFJÁRN OG BITASETT 58 STK.

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar,
hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.685

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás





**179.900** m/vsk
Okkar besta verð

IBTDJAC0106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6" Opnun



**16.900** m/vsk
Fullt verð 29.299

IBTJGAI4001

## SNITTTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.

Tappar og bakkar
Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari, snitttappasveif
og snittbakkasveif



**9.900** m/vsk
Frábært verð

# Utanríkismál veigaminni í næstu stjórn

Sagnfræðingur segir líklegt að mikilvægi utanríkismála í stjórnarviðræðum sé minna núna en oft áður. Minna verði um að vera í málaflokknum á næsta kjörtímabili, verði hætt við ESB-umsókn, eins og sennilegir stjórnarflokkar stefna að.

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið verður mögulega veigaminna á næsta kjörtímabili, en hefur verið síðustu ár, miðað við áherslur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Þetta segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.

Ekkert hefur enn skýrst um framvindu stjórnarmyndunarviðræðna flokkanna, hvorki um málefni né mögulega stólaskipan. Margt bendir þó til þess að hvorugur formannanna muni taka að sér utanríkisráðuneytið.

Embætti utanríkisráðherra var nær óslitið í höndum formanns ríkisstjórnarflokks á árunum 1987 til 2009 áður en fráfarandi ríkisstjórn tók við, að undanskildu tæpu ári, frá 2006 til 2007, þegar Valgerður Sverrisdóttir gegndi starfinu. Sú stjórn var þó mynduð með formann í utanríkismálunum.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að utanríkisráðuneytið hafi jafnan verið talið koma forsætisráðuneytinu næst, bæði hvað varðar mikilvægi og virðingu. „Það er erfitt að segja hvort það hafi þegar breyst, en ef annar formannanna nú ákveður að fara frekar í fjármálaráðuneytið mun það sýna áherslur þess flokks með skýrum hætti. Hvorki Bjarni né Sigmundur hafa lagt mikla áherslu á utanríkismál hingað til og maður hefði haldið að sérstaklega Framsókn væri frekar umhugað um að fá fjármálaráðuneytið en utanríkisráðuneytið.“

Guðni tekur undir það og segir að í ljósi áherslu flokkanna á efnahagsmál sé líklegra að meiri áhersla verði á fjármálaráðuneytið í yfirstandandi viðræðum. Það mætti túlka sem minni áherslu á utanríkismál. „Sérstaklega því hugur beggja flokka virðist standa til þess að hverfa frá áformum um að ljúka aðildarviðræðum við ESB og leggja í dóm þjóðarinnar.“

Baldur segir að ráðuneytið verði fyrst um sinn veigaminna ef ESB-umsóknin verður úr sögunni, en þó séu nýjar víddir í utanríkisstefnu Íslands. „Það eru til dæmis Norðurslóðir og Asíuvíddin auk þess sem þróunarstarf er umsvifameira nú en áður. Annars eru margir málaflokkar sem meiri áhersla yrði lögð á, og fróðlegt að sjá hvort næsti ráðherra muni leggja eins mikið upp úr Norðurslóðamálum, sem að vísu er nokkur sátt um í íslenskum stjórnmálum.“

thorgils@frettabladid.is

## Formenn utanríkisráðherrar 1987-2009:

**1987-1988**
Steingrímur Hermannsson (B)

**1988-1995**
Jón Baldvin Hannibalsson (A)

**1995-2004**
Halldór Ásgrímsson (B)

**2004-2005**
Davíð Oddson (D)

**2005-2006**
Geir H. Haarde (D)

**2006-2007**
*Valgerður Sverrisdóttir (B) - ekki formaður*

**2007-2009**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)




Kauptu sparneytnari bíl á góðu verði

NOTAÐIR bílar á sumarsölu í dag



**Chevrolet Spark LS (JUL63)**
1,2i 81 hö bensín beinsk.
Skráður 3/2011. Ek. 34.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
**Sumartilboð: 1.490.000 kr.**



**Lincoln Navigator Lux. (LMF70)**
5,4i 300 hö bensín sjálfsk.
Skráður 6/2006. Ek.114.000 km.
Verð: 3.290.000 kr.
Afsláttur: 800.000 kr.
**Sumartilboð: 2.490.000 kr.**



**Mazda6 Premium (ABY17)**
2,0i 155 hö bensín sjálfsk.
Skráður 6/2012. Ek. 21.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
**Sumartilboð: 3.690.000 kr.**



**Ford Kuga Trend (MHG15)**
2,0 TDCi 140 hö dísil sjálfsk.
Skráður 5/2011. Ek. 55.000 km.
Verð: 4.460.000 kr.
Afsláttur: 570.000 kr.
**Sumartilboð: 3.890.000 kr.**



**Ford Focus Trend (KLM68)**
1,6i 100 hö bensín beinsk.
Skráður 6/2010. Ek. 51.000 km.
Verð: 2.120.000 kr.
Afsláttur: 330.000 kr.
**Sumartilboð: 1.790.000 kr.**



**Volkswagen Polo (KH875)**
1,4i 74 hö bensín sjálfsk.
Skráður 6/2007. Ek. 106.000 km.
Verð: 1.190.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.
**Sumartilboð: 1.050.000 kr.**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN

notadir.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru opnar virka daga frá kl. 9-17 og frá kl. 12-16 á laugardögum

LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Sony Center

www.sonycenter.is

5 ára ábyrgð á Sony sjónvörpum



upplifðu einstaka fegurð
ný Sony Bravia vörulína

**Frábær myndgæði**
42" háskerpu LED sjónvarp KDL42W653
- Full HD 1920x1080 punktar
- 200Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Verð 199.990.-

12 mánaða vaxtalaus lán*



**Örþunnt og flott á góðu verði**
46" háskerpu LED sjónvarp KDL46R473
- Full HD 1920x1080 punktar
- 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Verð 229.990.-



3D gleraugu 4 stk. fylgja

**Glæsilegt hágæða sjónvarp**
47" háskerpu LED sjónvarp KDL47W805
- Full HD 1920x1080 punktar
- 400Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Verð 389.990.-

*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

Fá vinnu í ferðamennsku:

# Atvinnuleysi minna á Spáni

**SPÁNN, AP** Atvinnuleysi á Spáni minnkaði í apríl. Ástæðan er sú að fjöldi fólks hefur fengið tímabundna vinnu í ferðamennsku í landinu, sem er mjög vinsæll sumarleyfisstaður. Rúmlega 46 þúsund færri voru skráðir án vinnu í apríl en í mars.

Ráðuneytið greindi frá því í gær að nú séu 4,99 milljónir manna án vinnu. Í apríl hafi verið skrifað undir 1,1 milljón ráðningarsamninga, 19 prósentum meira en í mars, og ellefu prósentum meira en í apríl í fyrra. - þeb

Nýnasistaklíka fyrir rétti í Þýskalandi vegna tíu morða og fleiri glæpa:

# Þreifst um áraraðir án afskipta yfirvalda

**ÞÝSKALAND, AP** Réttarhöld hófust í Þýskalandi í gær yfir hópi fólks sem kennir sig við Neðanjarðarhreyfingu þjóðernissósíalista, en fólkið eru ákært fyrir tíu morð, tvær sprengjuárásir og fimmtán bankarán á árabilinu 2000 til 2007. Átta hinna myrtu voru af tyrkneskum ættum, einn var Grikki og hinn síðasti var lögreglukona. Þetta er stærsta mál sinnar tegundar í Þýskalandi í áratugi, en hópurinn framdi illvirki sín um árabil án þess að yfirvöld skiptu sér af honum.

Beate Zschaepe er talin vera höfuðpaur klíkunnar og á hún yfir höfði sér lífstíðarfangelsi verði hún fundin sek. Tveir helstu vitorðsmenn hennar fundust látnir árið 2011, en fjórir aðrir eru nú fyrir rétti, ákærðir fyrir að hafa aðstoðað hreyfinguna við illvirkin.

Yfirvöld höfðu haft veður af Zschaepe og hennar samverkafólki áður en tilvist neðanjarðarhreyfingarinnar varð ljós. Lögregla taldi morðin hins vegar tengd erlendum glæpaklíkum.

Mikil umræða er nú í Þýskalandi um það hvernig yfirvöldum sást yfir tilvist klíkunnar. Aðstandendur fórnarlamba segjast bera von í brjósti um að réttlætið nái fram að ganga, en einnig að svör fáist við því hvað hafi ráðið vali fórnarlambanna, en ekkert þeirra var þekkt.

Zschaepe mun ekkert tjá sig í réttinum, að sögn lögmanna hennar. Þeir óttast hins vegar að hún verði tekin af lífi í fjölmiðlum og fái ekki sanngjarna meðferð. - þj



**ÁKÆRÐ FYRIR KYNÞÁTTAMORÐ** Beate Zschaepe kom fyrir rétt í München í gær. Hún á yfir höfði sér lífstíðardóm vegna morða og annarra afbrota. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**DÓMUR** Maðurinn var dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness

Braut tollalög og fékk sekt:

# Borgaði ekki toll af dýru úri

**DÓMSMÁL** Sextugur karlmaður var í gær dæmdur af Héraðsdómi Reykjaness til að greiða ríkissjóði rúmar 700 þúsund krónur í sekt vegna tollalagabrots. Maðurinn gerði tollgæslunni ekki grein fyrir armbandsúri af gerðinni Hublot að verðmæti kr. 2.790.000 krónur, en tollverðir fundu vöruna við leit á ákærða við komu hans til landsins í apríl 2012.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómnum. Úrið var gert upptækt,

Allt í allt þurfti maðurinn því að greiða rúmar 3,4 milljónir fyrir úrið, sem hann fær síðan ekki að halda. Verjandi mannsins tók ekki þóknun fyrir störf sín. - hó

Hópur andvígur moskum:

# Bænaköllum mótmælt í Stokkhólmi

**SVÍÞJÓÐ** Hópur manna sem eru andvígir moskum í Svíþjóð hvatti í gær til mótmæla í Fittja í Stokkhólmi þar sem bænaköll hafa verið leyfð í hádeginu á föstudögum.

Hópurinn hefur hvatt til mótmælaaðgerða tvisvar á hverjum föstudegi vegna bænakallanna og sótt um leyfi til þess. Þegar bænaköllin hófust fyrir skömmu voru fulltrúar Svíþjóðardemókrata og Flokks Svía á staðnum.

Múslímar í Stokkhólmi fögnuðu hins vegar ákaft þegar leyfi lögregluyfirvalda fékkst fyrir bænaköllunum. -ibs

## HEILBRIGÐISMÁL

### Óvíða reykja færri

Unglingar í Reykjanesbæ reykja síður og drekka en unglingar annars staðar á landinu. Þetta er meðal niðurstaðna í samanburði Rannsóknar og greiningar fyrir árið 2012. Fyrirtækið gerir reglulega kannanir meðal ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.

## ÞINGVELLIR

### Vilja kajakbann fellt niður

Þingvallanefnd hefur falið þjóðgarðsverði að kanna hvort hægt sé að verða við kröfu um að aflétta banni við kajökum á Þingvallavatni. Þingvallnefnd segir menn munu sigla á eigin ábyrgð.




# Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins



Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 29. maí 2013 kl. 17.00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum.
Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

| Helstu kennitölur úr ársreikningi | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 2,7% | 4,0% |
| Hrein raunávöxtun – meðaltal sl. 3 ára | 5,1% | 6,0% |
| Hrein raunávöxtun – meðaltal sl. 5 ára | -4,3% | -4,4% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga – meðaltal | 8.776 | 9.147 |
| Fjöldi lífeyrisþega – meðaltal | 246 | 237 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga | 27.652 | 27.456 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils (millj. kr.) | 37.141 | 33.734 |

| Tryggingafræðileg staða Samtryggingadeildar | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -0,50% | 1,80% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | -2,00% | 1,50% |

Ársreikning sjóðsins má nálgast á islif.is.




Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund.
Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund.
Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund.
Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birtar á vefsvæði sjóðsins, islif.is.
Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta.
Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins islif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

Íslenski lífeyrissjóðurinn



**FYRSTA BÓKIN** Snorri H. Jóhannesson, bóndi og björgunarsveitarmaður, tekur við fyrstu Símaskránni úr hendi Margrétar Lenu Kristensen líffræðinema.

Símaskrá 2013 er komin út og fáanleg á um 100 stöðum:

## Sjálfboðaliðastarf Landsbjargar er innblástur Símaskrárinnar

**MENNING Fyrsta eintak Símaskrárinnar 2012-2013 var afhent við hátíðlega athöfn í tækjamiðstöð Björgunarsveitarinnar OK í Reykholti í Borgarfirði í gær. Viðstaddir voru félagar úr björgunarsveitunum í nágrenninu.**

**Símaskráin þetta árið er tileinkuð sjálfboðaliðastarfi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Reynslusögur og þakkir landsmanna sem hafa notið góðs af starfi Landsbjargar eru birtar í símaskránni. Með þessu vilja forráðamenn símaskrárinnar minna á þau verðmæti sem íslenskt samfélag á þeim 18 þúsund konum og körlum sem helga starfi Landsbjargar frítíma sinn og eru ávallt reiðubúin þegar á þarf að halda.**

**Símaskráin er 1.512 síður og kemur út í 100 þúsund eintökum. Hún hefur verið gefin út síðan 1905.**

- hó


## Aðalfundur

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins að Háaleitisbraut 13, þriðjudaginn 14. maí kl. 17,00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

***Stjórnin***

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


# Fatarisar grípi til aðgerða í Bangladess

Ekki dugar að þagga niður vandann í fataiðnaði í Bangladess, heldur þurfa vestræn fyrirtæki að grípa til raunverulegra aðgerða til að bæta ástandið. Aðeins tvö fyrirtæki hafa játað að hafa keypt föt úr verksmiðjum sem hrundu í síðustu viku.

**BANGLADESS** Fatafyrirtæki verða að grípa til raunverulegra aðgerða til að bæta aðbúnað starfsmanna í Bangladess. Það dugar ekki lengur að reyna að þagga niður vandann. Þetta segja almannateglasérfræðingar sem AP-fréttastofan hefur rætt við.

Nú er ljóst að yfir sex hundruð manns létust þegar bygging við Rana-torg í Dakka hrundi til grunna. Yfirvöld höfðu fyrirskipað að byggingunni yrði lokað en yfirmenn fimm fataverksmiðja hótuðu að draga mánaðarlaun af starfsmönnum sem ekki mættu til vinnu. Þrjár efstu hæðir hússins voru byggðar án leyfis og húsið var ekki ætlað verksmiðjurekstri.

Þrýst hefur verið á vestræn stórfyrirtæki að grípa til aðgerða til að bæta ástandið í Bangladess. Margir undirskriftarlistar eru til að mynda í gangi á netinu.

„Ég held að það sé ekki lengur nóg að segja: við erum ekki viðriðnir þessar ákveðnu verksmiðjur. Fyrirtækin halda að þegar eitthvað hræðilegt eins og þetta gerist muni almannatengsl laga það. En nei. Þau verða að fara og laga vandann. Og þá, aðeins þá, geta þau auglýst að þau hafi gert eitthvað til að laga ástandið,“ segir Caroline Sapriel, sem er yfirmaður CS&A, stórs almannatengslafyrirtækis. Annar almannatengill, Rahul Sharma, segir stóru fataframleiðendurna treysta á skammtímaminni vestrænna neytenda, sem einblíni á verðið en hugsi ekki um það hvar vörur eru framleiddar. Það sé hins vegar áhættusöm stefna, enda þurfi lítið til að skemma orðspor stórra fyrirtækja.

Aðeins breska fyrirtækið Primark og kanadíska fyrirtækið Loblaw hafa viðurkennt að framleiðsla á fötum frá þeim hafi farið fram í verksmiðjunum. Bæði fyrirtækin hafa lofað að borga fórnarlömbum og fjölskyldum þeirra bætur vegna málsins. Forstjóri Loblaw hefur bent á að 28 fyrirtæki til viðbótar hafi verslað við verksmiðjurnar, og hefur skorað á þau fyrirtæki að stíga fram.

Mörg stórfyrirtæki hafa fundað með forsvarsmönnum fataiðnaðarins í Bangladess undanfarna daga. Þeirra á meðal er fatarisinn H&M, sem er stærsti kaupandi fata frá Bangladess.

Fyrirtækin hafa einnig verið hvött til þess að samþykkja áætlun verkalýðsfélaga um uppbyggingu og óháðar, reglulegar eftirlitsferðir í verksmiðjur. Áætlunin myndi bæta aðbúnað í fataiðnaði alls landsins og vestrænu fyrirtækin myndu fjármagna uppbygginguna.

Aðeins tvö fyrirtæki hafa hingað til sagst reiðubúin til að undirrita slíka áætlun. Önnur hafa hafnað henni á þeim forsendum að hún sé of dýr fyrir fyrirtækin og að stjórnvöld í landinu eigi að bera ábyrgð á umbótum.

thorunn@frettabladid.is



**SYRGT Í DAKKA** Þessi kona bar kennsl á lík dóttur sinnar um helgina. Enn er mjög margra saknað og líklega langt þar til hægt verður að segja til um nákvæman fjölda þeirra sem létust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Milljarðavelta

Fataiðnaður í Bangladess veltir **20** milljörðum Bandaríkjadala á ári, eða **2.320** milljörðum íslenskra króna.

Föt eru **80%** alls útflutnings frá Bangladess

**4.400** krónur eru lágmarksmánaðarlaun í Bangladess – eða **38** dollarar.


# Nýjung í landslaginu

**Við bjóðum fjölbreytt úrval innlánsreikninga með föstum vöxtum. Hafðu samband og kynntu þér málið.**

Fastir vextir **6,3%** Óverðtryggðir innlánsvextir m.v. 36 mánaða bindingu

Fastir vextir **2,5%** Verðtryggðir innlánsvextir m.v. 36 mánaða bindingu

**Óverðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.**

| | |
|---|---|
| 3 mánuðir **4,8%** | 24 mánuðir **5,4%** |
| 6 mánuðir **5,0%** | 36 mánuðir **6,3%** |
| 12 mánuðir **5,2%** | 60 mánuðir **6,4%** |

**Verðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.**

| | |
|---|---|
| 36 mánuðir **2,5%** | 60 mánuðir **2,75%** |

Miðað við útgefna vaxtatöflu MP banka 11. apríl 2013.

mp banki

Ármúli 13a / Borgartún 26 / 540 3200 / www.mp.is

www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

**Allt fyrir hús, heimili og garða**



**DAKOTA BLÓMASKELIN**
Blómaskelin er vinsælasti potturinn frá Trefjum. Hann rúmar 5-7 manns en þarf aðeins 1300 lítra af vatni, sem þýðir að það er fljótlegt að fylla hann. Auðvelt er að þrífa pottinn því við tæmingu rennur allt vatn úr honum. Hann er afhentur tilbúinn til uppsetningar, þ.e. með niðurfalli, tengingu fyrir inntak og yfirfalli. Potturinn er einangraður með úretani, sem dregur úr varmatapi í vatninu. Þetta er frábær pottur fyrir fjölskylduna.
Verð áður 398.000.-

**AFMÆLISVERÐ**
**299.995.-!**



**25 M SNÚRUTROMLA**
Með 4 innstungum.
IP44-vottuð.

**AFMÆLISVERÐ**
**5.995.-!**






**SKÚRHURÐ MEÐ RÚÐU**
94,8 x 205 cm.

**AFMÆLISVERÐ**
**29.995.-!**

HERKULES®




**HÁÞRÝSTI-DÆLA**
HC 160. Dælu-þrýstingur 135 bör. Vatnsmagn 380 l/klst. 7,5 m slanga. Pallahreinsi-dæla með ýmsum aukahlutum fylgir.

**AFMÆLISVERÐ**
**12.995.-!**

**Auglýst verð gildir frá þriðjudegi 7. maí til og með föstudegi 10. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.**

**BAUHAUS REYKJAVÍK -** Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

# SKOÐUN

Kvenfyrirlitning í fjórða veldi:

## Neðrideildar-leikur í Noregi

Dómarar í knattspyrnuleikjum meistaradeildar karla fá 156% hærri laun en þeir sem dæma leiki í efstu deild kvenna. Ástæðan er sú að leikir karlanna „eru hraðari, það eru fleiri atvik sem geta orkað tvímælis og það þýðir að gerðar eru meiri kröfur til dómaranna“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, í útvarpsþættinum Í bítið á Bylgjunni í gærmorgun. Hann benti á að ekki væri hægt að tala um kynjamisrétti í þessu sambandi þar sem dómarar í efstu deildum væru undantekningalítið karlkyns. Þórir bætti um betur og afsakaði launamuninn með því að hið sama gilti þegar leikur í Meistaradeild Evrópu væri borinn saman við neðrideildarleik í Noregi. Leikurinn væri hraðari, erfiðleikastigið hærra og launagreiðslur hærri eftir því. Það var og.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Íslensk kvennaknattspyrna hefur á undanförnum árum verið flaggskipið í íslenskri knattspyrnuútgerð og landslið kvenna stendur landsliði karlanna langt framar á alþjóðlegum skölum. Heldur eru þetta því kaldar kveðjur frá forráðamönnum KSÍ sem samkvæmt þessu meta framlag kvennanna til jafns við neðrideildarlið í Noregi á meðan karlalandsliðið er lagt að jöfnu við bestu lið Evrópu. Eða telur framkvæmdastjórinn að landslið kvenna sé samansett af konum sem ekki spila í efstu deild kvenna hér á landi? Að þar spili einhverjar ofurkonur sem sprottið hafi upp úr engu? Sennilegra er að honum þyki kvennaknattspyrna almennt bara vera eitthvert dútl sem líkja má við það sem honum þykir greinilega vera botninn í knattspyrnuheiminum: neðrideildarlið í Noregi.

Fordómarnir sem í þessum orðum birtast ættu svo sem ekki að koma neinum sem fylgst hefur með íslenskri knattspyrnu á óvart. Bæði forkólfar KSÍ og íþróttafréttamenn, sem flestir eru karlkyns, hafa talað niður til „stelpnanna okkar“ í gegnum árin þrátt fyrir frábæran árangur þeirra á alþjóðlegum mótum. Undirtónninn er sá að knattspyrna sé karlmannaíþrótt og engan veginn hægt að taka sparkandi konur alvarlega. Þær standi sig auðvitað vel greyin á sínum krúttlegu forsendum en frammistaða þeirra standist engan samanburð við getu karlanna.

Það versta er að þessir fordómar eru svo inngrónir að framkvæmdastjóri KSÍ virðist ekki sjá neitt athugavert við þessa samlíkingu. Honum er í mun að ekki sé hægt að ásaka sambandið um kynjamisrétti í launagreiðslum og bendir réttilega á að þar sem dómararnir séu langflestir karlkyns eigi sú skilgreining ekki við. Kvenfyrirlitningin sem í orðum hans birtist virðist hins vegar algjörlega fara fram hjá honum. Kvennaleikir eru auðveldari fyrir dómarana þar sem þeir eru hægari og færri atvik orka tvímælis segir hann. Gaman væri að sjá einhverja statistík sem styður þessa fullyrðingu eða liggur þarna að baki einungis sú viðtekna skoðun að konur séu stilltari, hlíti reglum betur og séu almennt með minni óskunda en karlar? Lifir mýtan um góðu stelpuna enn svona góðu lífi innan stjórnar KSÍ? Er þá ekki löngu tímabært að stokka upp í stjórninni og kynna meðlimi hennar fyrir 21. öldinni?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sjónarsviptir**
Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, hlaut ekki brautargengi í nýafstöðnum þingkosningum, en leggur fram mat á stöðunni í stjórnarmyndun á bloggi sinu. Hann segist vona að „Krónustjórnin“ muni leggja áherslu á að halda krónunni. Jón fjallar í stuttu máli um fyrrverandi félaga sína í fráfarandi ríkisstjórn. „Svikasöng“ forsætisráðherra og hennar „heimiliskatta“ um krónuna, sem og „smákattanna“ í forystu aðila vinnumarkaðarins, í gjaldmiðilsmálum mætti jafnvel segja að varðaði við „drottinssvik“. Brotthvarf Jóns Bjarnasonar af þingi verður sannarlega áfall fyrir upplýsta og hófstillta umræðu á Alþingi.



**Hrært í pottunum**
Fyrrverandi samherji Jóns í ríkisstjórn, Össur Skarphéðinsson, fráfarandi utanríkisráðherra, hefur mundað pennann svo eftir hefur verið tekið síðustu daga og vikur og nýtt hann til að hræra í hinum pólitísku pottum sem kraumar duglega í. Á meðan forsvarsmenn væntanlegrar stjórnarandstöðu halda sig til hlés atast Össur og segir meðal annars að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi „brutt taugakerfi“ Sjálfstæðisflokksins svo flokkurinn minni helst á borðtusku og forsvarsmenn hans séu bæði tilbúnir til að afsala sér forsætisráðherrastólnum og ganga að skuldalækkunarhugmyndum Framsóknar.



**Enn brosa borgarbúar**
Síðustu misserin hafa sjálfstæðismenn í Reykjavík reynt að hamra á því að brandarinn hjá Besta flokknum væri búinn. Í könnun sem var kynnt í gær kom hins vegar fram að tæpur þriðjungur borgarbúa myndi ljá Jóni Gnarr og félögum atkvæði sitt, rétt undir kjörfylgi flokksins. Reykvíkingar virðast því ennþá vera til í gamanið.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Er sumarið gleðitími fyrir alla?

HJÁLPARSTARF



**Vilborg Oddsdóttir**
félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar

Sumarið er gleðitími fyrir margar fjölskyldur og nú þegar hafa margir skipulagt sumarið, hvert á að fara og hvað á gera. Fríin snúast oftast um að gera eitthvað saman, upplifa eitthvað nýtt og öðruvísi og eignast sameiginlegar minningar sem er einmitt svo mikilvægt í öllum fjölskyldum.

Hjá þeim fjölskyldum sem standa höllum fæti getur þessi tími valdið kvíða. Er hægt að verða við óskum barna sem svo gjarnan vilja upplifa skemmtilega hluti með vinum og fjölskyldu? Ósk um sumarbúðir, hjól, hestanámskeið eða annað sem vinirnir eru að gera, getur verið ókleifur múr fyrir margar fjölskyldur. Hvað þá að geta gert eitthvað saman sem fjölskylda, hvort sem það er að fara í útilegu eða í sumarbústað. Sumarið getur því verið erfiður tími hjá þeim sem búa við fátækt. Oft er eina lausnin að börnin fái að fara eða gera eitthvað en staðan leyfir ekki að fjölskyldan í heild upplifi nýja hluti. Augljóst er að börn og foreldar sem búa við slíkar aðstæður búa ekki við sömu lífsgæði og aðrar fjölskyldur landsins.

### Hvað gerum við þá?

Hjálparstarf kirkjunnar hefur undanfarin ár í samstarfi við Velferðarsjóð barna aðstoðað efnaminni fjölskyldur við að verða við óskum barna sinna. Væntingarnar eru margvíslegar, oft í takt við hvað vinir barnanna eru að gera; fara í sumarbúðir, fara á línuskauta eða á siglinganámskeið. Við höfum valið að hlusta á óskir hvers barns og fjölskyldu þess í stað þess að kaupa t.d. sumarbúðir fyrir alla. Það er mikilvægt fyrir börn og unglinga að geta verið með vinum og deilt upplifunum með þeim, jákvæð sameiginleg upplifun lifir lengi og styrkir félagsauð hvers barns. Við vildum gjarnan geta gert meira í að styðja fjölskylduna í að gera hluti saman, t.d. með því að fara í útilegu eða sumarbústaðaferð, en til þess þarf aukið fjármagn. Fjármagn sem er vel varið og skilar góðum arði OG gleðilegu sumri fyrir fleiri. Ert þú aflögufær? Þá getur þú greitt valgreiðslu í heimabankanum þínum eða haft samband við Hjálparstarfið.

**➜ Hjálparstarf kirkjunnar hefur undanfarin ár í samstarfi við Velferðarsjóð barna aðstoðað efnaminni fjölskyldur við að verða við óskum barna sinna.**

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Varúð, sjúkur í sykur

HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir





Ég hef stundum fengið þá spurningu hvort einstaklingur sé með sykursýki ef honum finnst sætindi og sykur agalega góð og viðkomandi borði að eigin mati of mikið af sætindum. Í þessum ágæta orðaleik felst auðvitað misskilningur um eðli vanda þeirra sem glíma við þennan alvarlega sjúkdóm. Við heyrum hann oft nefndan í tengslum við aðra sjúkdóma, sem áhættuþátt til dæmis fyrir hjarta- og æðasjúkdómum eða nýrnabilun, taugavanda og jafnvel blindu. Þá er orðið algengt að við tengjum saman offitu og líkurnar á að þróa sykursýki, sérstaklega á meðgöngu og þannig mætti lengi telja. Hann hlýtur því að vera algengur, ekki satt?

Það er rétt, sykursýki er eitt alvarlegasta og jafnframt að verða eitt algengasta heilsufarsvandamál í heiminum. Ef við skoðum tölurnar eru þær sláandi og hræða mann í raun og veru, vegna þess að meginvandi þróunar þessa sjúkdóms byggir á lífsstílsþáttum og neyslumynstri. Samkvæmt gögnum IDF (International Diabetes Foundation) er talið að ríflega 370 milljónir manna glími við sjúkdóminn á heimsvísu og tíðni sjúkdómsins er áætlað um 8,3% sem stendur. Það er feiknahá tala og fer vaxandi. Gögn frá WHO (World Health Organization) áætla að tæplega 200 milljónir manna viti ekki af sjúkdómnum, eða um 50%, og því má gera því skóna að um hálfur milljarður manna sé í dag með sykursýki.

Aðeins áfram um tölur áður en ég útskýri sjúkdóminn. Árið 2012 létust að minnsta kosti 4,8 milljónir manna af völdum sykursýki og við eyddum á heimsvísu rúmlega 470 milljörðum dollara það árið í meðferð fyrir þá sem eru með slíka greiningu. Um helmingur þeirra sem lést var yngri en 60 ára. Þróunin á næstu 20 árum sýnir tvöföldun þessara talna. Það er því óhætt að segja að við séum að glíma við faraldur.

### Veikluð starfsemi

En eins og ég kom inn á í upphafi hefur sykursýki ekki neitt að gera með neyslu á sykri í þeim skilningi, heldur er það svo að innkirtlastarfssemi sykursýkissjúklinga er veikluð eða biluð og þeim tekst ekki að vinna úr næringarefnunum sem við innbyrðum á eðlilegan hátt. Brisið leikur þarna lykilhlutverk en ákveðnar frumur í því framleiða insúlín, hormón sem hefur það verkefni að hjálpa frumum að taka til sín glúkósa, en einnig að ýta undir forðasöfnun í lifrinni. Þá hefur insúlín talsverð áhrif á blóðfitu- og próteinefnaskipti okkar en einnig saltbúskap og gerir það þannig að einu mikilvægasta hormóni líkamans.

Sykursýki sem sjúkdómur er aftur á móti skilgreindur í tvær tegundir sem eru nefndar 1 og 2 og svo einnig það sem kalla má forstig. Þeir sem eru með tegund 1 framleiða ekkert insúlín, greinast yfirleitt ungir og eru á milli 5-10% af öllum tilfellum. Ástæðan getur verið margvísleg; ættgengi, umhverfisþættir og veirusjúkdómar, auk þess sem ástæðan er oft ekki þekkt. Þeir sem eru með tegund 1 þurfa að fá insúlín í sprautuformi alla jafna ævilangt. Hinn hópurinn, sem er margfalt stærri og fellur undir tegund 2, er sá þar sem framleiðsla á insúlíni er ekki nægjanleg, eða nýting þess skert.

> Vanastjórnun og lífsstílsbreyting er ódýrasta og besta leiðin til að glíma við þennan tröllvaxna vanda sem við stöndum frammi fyrir …

Ástæðurnar eru mjög margar en sú algengasta að talið er byggir á lífsstílsvanda; offitu, lélegu mataræði, lítilli hreyfingu, streitu og samblöndu slíkra þátta. Þó er þekkt að ákveðin ættlægni er til staðar auk þess sem ákveðnir sjúkdómar geta ýtt undir þróun slíkrar sykursýki.

Einkennin geta verið lítil sem engin um langan tíma, en í flestum tilvikum verður vart við aukinn þorsta, þvaglát, hungurtilfinningu, munnþurrk, þreytu og slappleika, þyngdartap og einbeitingarskort. Í versta falli geta komið upp alvarleg einkenni eins og truflanir á öndun, kviðverkir, krampar og dá sökum alvarlegra salt- og sykurtruflana.

Greiningin er einföld í báðum tilvikum, hún felst í læknisviðtali og blóðrannsókn sem allir ættu að fara í með reglubundnu millibili. Meðferðin á tegund 2 sykursýki byggir á lyfjum í töfluformi og jafnvel insúlíni í erfiðum tilvikum en fyrst og fremst í að breyta og bæta lífsstíl viðkomandi einstaklings til hins betra í öllum tilvikum og gefast aldrei upp við það verkefni. Vanastjórnun og lífsstílsbreyting er ódýrasta og besta leiðin til að glíma við þennan tröllvaxna vanda sem við stöndum frammi fyrir í aukningu tíðni sykursýki á heimsvísu. Því má aldrei gleyma!

## AF NETINU

### Fráleit niðurfærsla

Því meira sem ég hugsa um flata skuldaniðurfærslu Framsóknar, því meira sýnist hún út í hött. Ekkert vit er í að nota sameiginlegt fé okkar til að borga fyrir þá, sem steyptu sér í rosaskuldir til að eignast 400 fermetra húsnæði. Meginhluti flatrar niðurfærslu fer í að greiða slíkt óhóf og það er fráleitt. Því miður er óráðsíufólkið öflugt og liggur á Framsókn með kröfur sínar. Það eina, sem hægt er að gera fyrir þetta fólk, er að gefa því kost á að skila lyklunum og ganga út skuldlaust. Lyklaleiðin er sanngjarnari en flata niðurfærslan, sem er á kostnað þeirra, sem ekki höfðu ráð á að skulda.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Bjartir en þöglir nýliðar

Það er eins og pólitísk umræða hafi dáið.

Pólitíkusar liggja kannski enn í þynnku eftir kosningarnar.

Þó er nú á dagskrá sjálf verkefnaskrá næsta kjörtímabils.

—

Það heyrist t.d. ekkert í Bjartri framtíð.

Maður hefði haldið að nú væri bullandi færi fyrir flokkinn sem lagðist hvað harðast gegn flötum skuldaniðurfellingum að stíga fram og útskýra afhverju.

Ekki síst þegar búið er að gefa út að slík niðurfelling verði grundvöllur væntanlegrar ríkisstjórnar.

Ding ding – á ekkert að mæta á þing?

http://blog.pressan.is/

*Andrés Jónsson*





KIA
The Power to Surprise

**Nýr Kia Carens** – rúmgóður **7 sæta** fjölskyldubíll

Það er frábært að skutlast með börnin á íþróttaæfingar, í tónlistarskólann eða heim til leikfélaganna þegar bíllinn er rennilegur og góður í akstri eins og Kia Carens. Í honum finnur þú allt sem prýðir góðan og einstaklega vel búinn **7 sæta** fjölskyldubíl – og að sjálfsögðu er hann með **7 ára ábyrgð**.

**Komdu í Öskju og kynntu þér nýjan og einstaklega vel búinn Carens.**

**Nýr Carens** kostar frá **4.990.777 kr.**
Aðeins **47.677 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo *M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,84%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# Skógræktaröfgar í Elliðaárdal

SKÓGRÆKT



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari og íbúi í Norðlingaholti

Í fornum ritum kemur fram að þegar landnámsmenn komu til Íslands var landið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Skógurinn lét þó fljótt á sjá vegna þarfa frumbyggjanna fyrir byggingarefni og eldivið. Kólnandi veðurfar, skógarhögg og ofbeit leiddi síðar til uppblásturs gróins lands.

Á síðustu öld varð hér vitundarvakning til endurheimtar landgæða eins og það er stundum kallað. Menn sáðu grasfræi í örfoka land og hófu að gróðursetja tré. Mörg þessara verka áttu fullan rétt á sér en sums staðar hafa menn farið offari og eru enn á þeim buxunum.

Fyrir allmörgum áratugum var hafin skógrækt í neðanverðum Elliðaárdal en ofar í dalnum fékk fallegt íslenskt mólendi að njóta sín á yfirborði Leitahraunsins. En nú er svo komið að skógræktaræðið er að kaffæra efri hluta dalsins, einkum þó sunnan árinnar. Hugsunin virðist vera svo barnaleg að skógrækt sé góð hvar sem er. Trjánum er jafnvel plantað beint á stíga sem veiðimenn ganga meðfram ánni, t.d. sunnan árinnar vestan Heyvaðs. Enn fær þó mólendið að njóta sín milli athafnasvæðis Fáks og Elliðaánna. Vonandi verður svo áfram.

### Vistkerfið breytist

Með skógrækt breytist vistkerfi dalsins mjög mikið. Mólendisfuglar eins og heiðlóa og spói hrekjast burt þegar land verður trjávaxið en Íslendingar bera mikla ábyrgð á þessum fuglastofnum þar eð 50% heiðlóustofnsins og 40% spóastofnsins verpa hér á landi. Sumir eru þeirra skoðunar að láta hefði átt náttúrulega gróðurframvindu eiga sér stað í efri hluta Elliðaárdals. Slíkt er t.d. áskilið í skipulagsskilmálum varðandi hverfisfriðland Bugðu í Norðlingaholti en engu að síður eru sumir svo illa smitaðir af gróðursetningaræðinu að fram hafa komið tillögur um gróðursetningu trjáa þarna í trássi við skipulagsskilmála hverfisins.

Íbúum við Rituhóla er misboðið að hömlulaus skógrækt hafi skert það fagra útsýni sem þeir höfðu en lóðirnar voru einmitt seldar sem útsýnislóðir. Þeir hafa gripið til sinna ráða til að endurheimta útsýnið. Það sýnir að skógræktin þarna hefur farið út í öfgar. Efst í brekkunni næst húsunum hefði átt að planta lágvöxnum trjám. Þeir sem stjórnuðu þessari skógrækt hefðu átt að vita að það vandamál kæmi upp sem nú er orðið.

**➜ Því ekki að leyfa efri hluta Elliðaárdals að vera í friði fyrir skógrækt. Er ekki gott að hafa fjölbreytni, skóg sums staðar og mólendi annars staðar?**

Margir, þ.á.m. undirritaður, nýta skóglendi í Heiðmörk til útivistar allan ársins hring og sumir nýta skóginn í neðri hluta Elliðaárdalsins til hins sama. Því ekki að leyfa efri hluta Elliðaárdals að vera í friði fyrir skógrækt. Er ekki gott að hafa fjölbreytni, skóg sums staðar og mólendi annars staðar? Íslenskt mólendi með öllu sínu víðsýni og fuglalífi er fallegt vistkerfi. Leyfum því að njóta sín.

# Þegar aldurinn skiptir máli

HEILBRIGÐISMÁL



**Drífa Jenný Helgadóttir**
sálfræðingur

Á Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar (ÞHS) starfar þverfaglegt teymi fagfólks sem sinnir greiningu þroska- og hegðunarfrávika hjá börnum upp að 12 ára aldri frá ýmsum svæðum á landinu. Í framhaldi af greiningu er í boði ráðgjöf, fræðsla og meðferð. Til að fá þessa þjónustu þarf tilvísun fagaðila og vísa má börnum að 6 ára aldri í frumgreiningu ef grunur vaknar um frávik í þroska eða hegðun. Hægt er að vísa í nánari greiningu á ADHD þegar frumgreining og matslistar hafa sýnt sterkar vísbendingar um frávik í þá átt hjá 5-12 ára börnum.

Frá því að Þroska- og hegðunarstöð tók við greiningum á ADHD hjá börnum (greiningar voru áður í höndum Barna- og unglingageðdeildar) árið 2006 hefur eftirspurn eftir þeirri þjónustu aukist jafnt og þétt. Biðtími hefur lengst mjög mikið og í dag er staðan sú að tæplega 130 börn bíða eftir nánari greiningu. Þetta þýðir að biðtíminn eftir greiningu á ADHD og skyldum röskunum er allt að níu mánuðir. Fyrir ári var þessi tími um 6 mánuðir og þótti langur.

Börn sem eru á biðlista eftir þessu úrræði glíma mörg hver við mikinn vanda, eiga í erfiðleikum heima fyrir, í skólanum og í félagslegum samskiptum. Því skiptir hver dagur máli fyrir þessi börn og umhverfi þeirra og það er alvarlegt mál þegar biðlistinn lengist um þrjá mánuði. Árið 2011 gerði Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna einmitt athugasemd við þennan þátt í geðheilbrigðisþjónustu við börn á Íslandi, þ.e að biðlistar eftir greiningu og meðferð við ADHD hjá börnum væru of langir. Þeirra tillaga til að sporna gegn þessari þróun var að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og auka þannig möguleika þeirra á því að fá greiningu og meðferð við sínum vanda (sjá gr. 38 og 39).

### Mismunað

Starfsfólk á ÞHS hefur reynt að koma til móts við þennan hóp með því að koma af stað úrræðum á biðtíma. Foreldrum barnanna og börnunum sjálfum er m.a. boðið á námskeið og er ráðgjöf veitt í leikskóla og skóla sé þess þörf og þetta eru úrræði í takt við tillögur Barnaréttarnefndarinnar frá 2011 (sjá gr. 39).

Aðrar stofnanir sem sinna greiningarþjónustu við börn eins og GRR og BUGL taka á móti skjólstæðingum upp að 18 ára aldri. Sá hópur sem fellur undir þjónustu við GRR og BUGL eru börn sem eiga við alvarlegar fatlanir eða

**➜ Börn sem eru á biðlista eftir þessu úrræði glíma mörg hver við mikinn vanda, eiga í erfðileikum heima fyrir, í skólanum…**

geðrænan vanda að stríða og börn með ADHD falla ekki undir þá skilgreiningu, þar sem vandi þeirra er vægari. Þjónusta við ADHD á ÞHS er skilgreind fyrir börn að 12 ára aldri eins og fram hefur komið hér og erfitt er að opna á tilvísanir fyrir eldri hópinn (13-18 ára) á meðan biðtími fyrir þau yngri er jafn langur og raunin er. Það er því engin greiningarstofnun innan hins opinbera kerfis sem tekur á móti þessum hópi barna. Börn sem eru eldri en 12 ára og með vísbendingar um ADHD eiga því ekki kost á sömu þjónustu og yngri börnin, og því er ljóst að börnum á Íslandi er ekki aðeins mismunað á grundvelli alvarleika vandans en einnig aldurs. ÞHS hefur hug á að sinna öllum börnum sem þurfa á þjónustu stofnunarinnar að halda óháð aldri. En það kallar á aukið fjármagn og fleiri stöðugildi og hingað til hefur það fjármagn ekki verið til. Vísbendingar um að heilbrigðiskerfið mismuni börnum eftir aldri og eðli vanda þeirra vekja upp spurningar um það hvort slíkt sé í takt við það sem íslenskt velferðarsamfélag stendur fyrir.

# Safn allra landsmanna á tímamótum!

ÞJÓÐMINJASAFN



**Margrét Hallgrímsdóttir**
þjóðminjavörður

Þann 24. febrúar síðastliðinn voru landsmenn boðnir hjartanlega velkomnir á hátíð Þjóðminjasafns Íslands til þess að samfagna því að 150 ár voru liðin frá því lagður var grunnur að safninu. Á þessum tímamótum er vert að hugsa til frumkvöðla safnsins og hvað hafi orðið til þess að stofnað var forngripasafn á Íslandi upp úr miðri nítjándu öld, þegar daglegt líf Íslendinga og aðstæður voru gerólíkar því sem við þekkjum nú. Lífsbarátta alþýðufólks á 19. öld var óvægin og margir bjuggu við kröpp kjör. Stjórnsýsla landsins var þá í höndum Dana og forngripir voru oft fluttir úr landi, aðallega til varðveislu í þarlendum söfnum. Framsýnir íslenskir eldhugar undu því illa. Árið 1863 urðu því tímamót í sögu þjóðarinnar með stofnun forngripasafns á Íslandi. Aukin vitund um íslenska menningu efldi andann og trú á sjálfstæði Íslands og vakti framfarahug þjóðarinnar. Frá þeim tíma hefur Þjóðminjasafn Íslands lagt rækt við að efla vitund fólks um auð þjóðarinnar, sögu hennar og menningararf.

Landsmenn fjölmenntu í safnið á afmælisdeginum og nutu fjölbreyttrar dagskrár enda opið hús í tilefni dagsins og boðið upp á ljúffengar veitingar sem gestir kunnu vel að meta. Þjóðminjasafnið iðaði af lífi frá morgni til kvölds og börn sungu, dönsuðu og léku á hljóðfæri gestum til mikillar ánægju, enda afmælið tileinkað æskunni. Ungir leiðsögumenn sögðu skemmtilega frá uppáhalds safngripunum sínum með afar áhrifamiklum hætti sem vakti aðdáun allra viðstaddra. Alla afmælisvikuna var landsmönnum boðið að heimsækja Þjóðminjasafnið frítt og þáðu tíu þúsund gestir boðið sem var sannarlega ánægjulegt.

### Fjölþætt starfsemi

Á afmælisári er sjónum landsmanna beint að hinni fjölþættu starfsemi Þjóðminjasafns með líflegri dagskrá, vönduðum sýningum og tilheyrandi bókaútgáfu. Þar ber hæst hátíðarsýningar ársins, Silfur Íslands og Silfursmiður í hjáverkum, sem opnaðar voru á afmælisdaginn og munu standa allt afmælisárið. Hátíðarsýningarnar gefa innsýn í heim sem fólginn er í mikilfenglegum arfi silfursmíða fyrri alda sem samofin er sögu safnsins. Gripirnir eru minjar um líf og störf stoltrar þjóðar, handbragð og sköpunarþrá fólks en eru einnig til vitnis um listfengi silfursmiðanna. Þá endurspegla silfurmunirnir mannlíf þeirra sem mótuðu og notuðu þá! Enn önnur sýning í tilefni 150 ára afmælis safnsins verður opnuð í júní en það er vegleg sýning á ljósmyndum frumkvöðulsins Sigfúsar Eymundssonar. Myndir Sigfúsar hafa mikla þýðingu fyrir íslenska menningarsögu en myndasafn hans var það fyrsta sem Þjóðminjasafnið tók til varðveislu. Í kjölfar afmælissýninga verða gefnar út veglegar bækur á vegum safnsins um efni sýninganna.

**➜ Mikilsvert er að finna velvilja landsmanna í garð safnsins og annarra safna landsins nú hálfri annarri öld eftir stofnun forngripasafnins.**

Þjóðminjasafninu hafa borist góðar gjafir í tilefni afmælisárs. Vinafélag Þjóðminjasafnsins, Minjar og saga, færðu safninu sprotabelti að gjöf sem Sigurður Vigfússon smíðaði eftir uppdrætti Sigurðar málara á 19. öld. Þá gaf Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur safninu merkan kaleik og patínu frá Myrká í Eyjafirði frá 18. öld. Góðar gjafir og kveðjur hafa einnig borist frá þjóðminjasöfnum nágrannalandanna og veglegt málþing var haldið dagana 1.-3. mars í Kaupmannahöfn í tilefni afmælisárs Þjóðminjasafns Íslands í Þjóðminjasafni Dana þar sem sjónum var beint að íslenskum þjóðminjum í vörslu danska safnsins. Ánægjulegt var að finna þann vinarhug sem ríkir meðal safnanna.

### Háskólastofnun

Á þessum tímamótum er litið til framtíðar í þróun Þjóðminjasafns Íslands. Nýlega mælti mennta- og menningarmálaráðherra fyrir frumvarpi á Alþingi til breytinga á lögum um Þjóðminjasafn Íslands þar um að safnið verði skilgreint sem háskólastofnun. Frumvarpið varð að lögum þann 26. mars sl. Má líta á lagabreytinguna sem afmælisgjöf til safnsins sem felur í sér framfaraskref fyrir Þjóðminjasafnið og Háskóla Íslands sem átt hafa í góðri samvinnu sem styrkst hefur til muna á liðnum árum. Þjóðminjasafn Íslands er safn allra landsmanna og er afmæli þess tímamót fyrir safnastarf og þjóðminjavörslu á Íslandi almennt. Mikilsvert er að finna velvilja landsmanna í garð safnsins og annarra safna landsins nú hálfri annarri öld eftir stofnun forngripasafnsins. Er það von okkar hjá Þjóðminjasafninu að landsmenn njóti fjölbreyttrar dagskrár á afmælisári sem tileinkað er æskunni og framtíðinni.

### Ítarefni:

*Heimildarmynd um Lífið í Þjóðminjasafninu.*

*http://www.ruv.is/sarpurinn/lifid-i-thjodminjasafninu/24022013-0*

*Afmælisblað Þjóðminjasafns Íslands sem sent var á öll heimili í janúar. http://www.ruv.is/sarpurinn/vidsja/16012013-0*

*Vefsíða, fb og app.*



# Tökum vel við vorinu

## MÚRBÚÐARVERÐ

Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
**390**



1/2" slanga 15 metra
með tengjum
**1.890**



Frábært verð
á stál- og plast-
þakrennum.
Sjá verðlista á
www.murbudin.is



**7.490**
**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta



Black&Decker
háþrýstidæla
**110 bar**
**14.990**
**1400W**, **360 min/lit/**
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápubox





Moltutankur grænn 350 l **8.900**

Malarhrífur, verð frá
**1.470**



Strákústur 30cm
breiður
**695**



Slönguvagn á hjólum
1/2" f/50 metra
**2.490**



Álstigi 2x12 þrep
3.61-6,1 m
**26.990**



Hjólbörur 75L
**3.995**






**1.970**
110 cm
**1.390**
**1.390**

Ryco-2006T Rafmagnsþilofn
Turbo með yfirhitavari 3
stillingar 2000w
**4.490**



Gott í sumarbústaðinn



Jarðvegsdúkur
10x1,2 m
**1.350**



CLA-403p
Fjölnota trappa
stigi/pallur 4x3 þrep
**15.690**
**Pallur fylgir**

Flúðamold 20 l
**590**

Turbokalk 12,5 kg
**2.590**

Kalkkorn 5 kg
**798**

Blákorn 5 kg
**1.490**




WZ-9019
Greinaklippur
**1.490**



Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

Nýtt!

2 í 1




Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


# Brottfall, þunganir og kynferðislegt ofbeldi

FÉLAGSMÁL



**Guðrún H. Sederholm**
kennari

Á síðustu tveimur mánuðum, mars og apríl, hefur Fréttablaðið fjallað um ofangreinda málaflokka út frá skýrslum UNICEF, upplýsingum frá OECD og fyrirlestri Ceciliu Beckenridge, prófessors við Brunel-háskóla, sem hún hélt hér á landi í apríl. Sjálf skrifaði ég grein sem birtist í sama blaði, 22.mars sl., um barnavernd og mikilvægi þess að við skóla landsins störfuðu félagsráðgjafar til þess að greina vanda nemenda á réttan hátt. Sigríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi í Háteigsskóla, skrifaði grein sem birtist á kosningadaginn um svipaðar áherslur.

Ég er mjög ánægð með hlut Fréttablaðsins hvað varðar birtingu þessara mikilvægu upplýsinga sem varða þjóðina alla. Fram að þessu hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir slíkar upplýsingar en nú vona ég að nemendur fái að njóta með því að félagsráðgjafar verði ráðnir að grunn-og framhaldsskólum í landinu til þess að stuðla að aukinni heilsuvernd og barnavernd sem felur í sér fyrirbyggjandi þætti og eykur líkur á að málum nemenda sé beint í réttari farveg en fram að þessu hefur verið gert og upplýsingar gefa til kynna, með fullri virðingu fyrir öðrum fagstéttum sem starfa í skólum.

## Brottfallsdyrnar

Við getum ekki leyft okkur sem þjóð að varpa stórum hópum nemenda út um brottfallsdyrnar, skellt skollaeyrum við andlegri vanlíða þeirra eða látið eins og allt sé þetta vegna þess að þeir virði ekki mikilvægi bóknáms.

Samkvæmt skýrslu UNICEF verða fleiri unglingsstúlkur þungaðar hér á landi en í flestum öðrum V-Evrópuríkjum og sama skýrsla bendir einnig á mikið brottfall úr framhaldsskólum hér á landi. Upplýsingar frá OECD benda til þess að brottfall úr framhaldsskólum hafi aukist hér á síðustu árum. Margir skólastjórnendur eru áhyggjufullir yfir þessar þróun meðan aðrir leyfa sér að halda upplýsingum um ástæður brottfalls frá almenningi. Brottfallið er hér hærra en á öðrum Norðurlöndum.

Cecilia Beckenridge prófessor flutti fyrirlestur um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum í HÍ í apríl sl. og að hennar mati stendur Ísland langt að baki öðrum löndum þegar kemur að forvörnum vegna kynferðisofbeldis. Hún er sérfróð um forvarnir sem lúta að málaflokknum. Að hennar sögn er ekki til sú íþrótt þar sem kynferðisofbeldi þrífst ekki. Hættan sé sú að horft sé fram hjá vandanum.

## Horft fram hjá vanda

Þá erum við komin að kjarnanum; íslenska þjóðin hefur kosið að horfa fram hjá vanda sem tengist persónulegum erfiðleikum nemenda og kosið að beina sjónum frekar að námstengdum vanda þeirra og þar með að skella skuldinni á þá sjálfa.

➔ **Þegar kemur að persónulegum vanda nemenda, er það reynsla mín, að aðferðir félagsráðgjafar dugi best og séu líklegastar til að mæta nemandanum þar sem hann er staddur…**

Rétt greining á vanda nemenda í upphafi skiptir sköpum fyrir velgengni þeirra. Brottfall á sér margar ástæður sem þarf að bregðast við og upplýsingar eru til um. Lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla eru fyrirliggjandi en þeim þarf að breyta til að mæta þjónustuþörf nemenda eins og ég hef bent á, síðastliðinn aldarfjórðung. Ég er kennari, náms- og starfsráðgjafi, MSW-félagsráðgjafi með sérfræðileyfi frá heilbrigðisráðuneytinu til að stafa sem fræðslu- og skólafélagsráðgjafi. Þegar kemur að persónulegum vanda nemenda, er það reynsla mín, að aðferðir félagsráðgjafar dugi best og séu líklegastar til að mæta nemandanum þar sem hann er staddur, hvort sem það er vegna andlega veikinda, þungana eða kynferðislegs ofbeldis sem vitað er að stuðlar að brottfalli.

# Olía og fólk á flótta

OLÍULEIT

**Baldur Kristjánsson**
**Hjalti Hugason**
**Pétur Pétursson**
**Sigrún Óskarsdóttir**
**Sólveig Anna Bóasdóttir**
**guðfræðingar**

Vegna fyrirhugaðrar olíuleitar á Drekasvæðinu höfum við áður sent frá okkur tvær greinar þar sem við lýsum eftir ábyrgri umræðu um siðferðileg álitamál sem slík framkvæmd kallar á (Fréttablaðið 14. 2. og 4. 4. 2013). Í greinum okkar höfum við fjallað um olíuvinnslu og loftslagsbreytingar sem leiða til breytinga á lífsskilyrðum á jarðarkringlunni.

Með vísun til rannsókna höfum við sýnt fram á að áframhaldandi orkubúskapur á borð við þann sem við höfum vanist muni leiða til hörmunga víða um heim og enn meiri fólksflutninga en við þekkjum í kjölfarið.

Viðbrögð við takmörkuðum fjölda flóttafólks til landsins benda til þess að töluverður fjöldi landsmanna sé andsnúinn komu þess hingað. Það er umhugsunarvert og ástæða til að auka þekkingu og færni okkar að mæta þeim sem á aðstoð þurfa að halda. Ljóst er að verði ekki staldrað við mun hópur flóttafólks sem hingað leitar margfaldast.

## Orka og hlýnun

Hún er ekki fögur myndin sem blasað gæti við af olíuríkinu Íslandi sem byggði tilveru sína en frekar en þegar er orðið á þessum orkugjafa og stuðlaði þannig að hlýnun, þurrki, svelti og eymd barna sem fullorðinna annars staðar í heiminum. Við erum ekki bara að tala um nokkur hundruð þeirra heldur tugþúsundir, jafnvel hundruð þúsunda.

Ísland gæti hæglega rúmað margfaldan þann mannfjölda sem hér býr nú en spurningin er sú hvort það sé æskileg þróun að hingað streymi fólk á flótta vegna breytinga á lífsskilyrðum sem við berum ábyrgð á.

## Fólk á flótta

Á öllum tímum hefur fólk flutt á milli landa og heimshluta. Við Íslendingar þekkjum það vel. Forfeður og formæður okkar flúðu það sem þau töldu ofríki og mynduðu þjóðríki hér. Tíunda hver manneskja flúði svo héðan til Ameríku um næst síðustu aldamót. Um tíunda hver manneskja á Íslandi nú er aðflutt og Íslendingar nútímans eru duglegir við að setjast að hér og þar um heiminn. Við segjum stundum með stolti að sama hvar í heiminum sé borið niður, alls staðar sé Íslendinga að finna.

Undanfarna áratugi hafa gífurlegir fólksflutningar átt sér stað frá löndum Afríku, Asíu og Suður-Ameríku til Vesturlanda, með öðrum orðum: frá fátækari heimshlutum til hinna ríkari. Dæmið hefur snúist við frá nýlendutímanum þegar Vesturlandabúar fluttu í leit að landi, góðmálmum og ódýru vinnuafli. Munurinn á veraldlegum lífsgæðum milli þessara svæða er gífurlegur. Hann byggist ekki síst á þeirri orkunotkun sem nú ógnar lífríki jarðar. Fólk hefur flutt sig til í leit að vinnu og sest að í nýju landi einkum sem ódýrt vinnuafl. Svo er það fólk sem flýr heimaslóð, kemur sem flóttafólk, sækir um hæli og biður um landvist. Ekki er að efa að þessir aðfluttu vestrænu borgarar hafa styrkt og eflt efnahagskerfi Vesturlanda.

## Réttindi flóttafólks

Gangi spár eftir verða gríðarlega mikil landssvæði þar sem tugmiljónir manna búa nú illbyggileg og jafnvel óbyggileg í framtíðinni. Hreyfing fólks til betur settra svæða í heiminum mun því aukast til muna. Það er nokkuð fyrirsjáanlegt að ef við breytum ekki lífsháttum okkar stöndum við Íslendingar eins og aðrir Vesturlandabúar frammi fyrir alvarlegum siðferðilegum spurningum. Með hvaða rökum ætlum við að meina eða torvelda því fólki að flytja til okkar þegar við höfum með lífsháttum okkar kynt svo hressileg undir að þeirra heimaslóðir verði ófýsilegur kostur að búa á, ef ekki óbyggilegar með öllu?

➔ **Grundvallarspurningin er þessi: Er mannkynið, já lífið allt á jörðinni, undir sama hatti? Verðum við ekki að meta lífshætti okkar út frá hagsmunum allra í veröldinni? Hvaða rétt höfum við til þess að haga okkur eins og annað fólk skipti ekki máli?**

Grundvallarspurningin er þessi: Er mannkynið, já lífið allt á jörðinni, undir sama hatti? Verðum við ekki að meta lífshætti okkar út frá hagsmunum allra í veröldinni? Hvaða rétt höfum við til þess að haga okkur eins og annað fólk skipti ekki máli? Hvaða rétt höfum við til þess að mæta ekki af sanngirni því fólki sem til okkar leitar eftir betra lífi, samferðafólki okkar í dag og fólki framtíðarinnar? Sannast sagna höfum við Íslendingar ekki uppfyllt skyldur okkar í samfélagi þjóðanna þegar kemur að móttöku flóttafólks.

Við þurfum að gera betur, miklu betur. Menning okkar, saga, trú og reynsla kennir okkur að við eigum að koma vel fram við aðkomumanninn. Við eigum að sjá systur og bræður, ekki eingöngu í fólki af okkar þjóðerni eða sömu trúar, heldur einnig í fólki af ólíkum uppruna. Við deilum mennskunni með öllum manneskjum og hún býður okkur að elska jöfnuð og réttlæti. Okkar gyðing-kristna hefð kennir að Guð skapaði okkur öll í sinni mynd og jörðina fyrir okkur öll. Sem siðferðilegar verur getum við sett okkur í annarra spor. Það gæti allt eins verið við sem værum á flótta. Við köllum eftir siðfræðilegri umræðu um fólk á flótta og mannúð og aðgerðum þar sem réttlæti og jöfnuður eru sett í öndvegi.

**HREYFINGARLEYSI**
**Kyrrseta hefur slæm áhrif á heilsu. Nýleg bresk könnun leiddi í ljós að fjórðungur fullorðinna einstaklinga gengur í aðeins eina klukkustund á viku. 43 prósent til viðbótar ganga í minna en tvær klukkustundir á viku.**

Er rakastigið of hátt?
Þurrktæki
Stjórnaðu rakastiginu,
dragðu úr líkum á myglusvepp
íshúsið www.ishusid.is
S: 566 6000

SUMAR-DAGAR
15% afsláttur
af sumarvörum



BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Boston
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47
Verð: 12.900 kr.
Lissabon
Dömusandalar m/ frönskum rennilás
Efni: leður
litur: Hvítt, Rautt, Svart
st. 36-42
Verð: 9.990 kr.
California
(afrafmagnaðir)
Efni: Leður
Litur: Svart, Hvítt
St. 35-46
Verð: 16.900 kr.
Paris
leður
Svart, Hvítt, Blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 12.900 kr.
Verona
Svart, Hvítt
st. 36-41
Verð: 9.500 kr.
Dömusandalar m/frönskum rennilás
Efni: gerviléður
Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt
St. 36-42
Verð: 7.900 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Laugardaga kl. 11-15



# LÆRA KÚNSTIR MEÐ EINUM SMELLI

**HESTAMENNSKA** *Ragnheiður Þorvaldsdóttir hefur kennt hestum sínum ýmsar kúnstir með smelluþjálfun. Hún segir vitundarvakningu vera meðal hestafólks sem vill læra aðferðina og komast í nánara samband við hestinn sinn.*

Ragnheiður er fædd og uppalin í hestamennsku. Hún ólst upp í Hvítárholti í Hrunamannahreppi þar sem bæði móðir hennar og amma stunduðu hrossarækt. „Maður gerði ekki annað en að vera á hestbaki frá því maður var ponsulítill,“ segir Ragnheiður, en ekki kom annað til greina í hennar huga en að starfa í hestamennsku. „Ég hef þjálfað hesta fyrir fólk frá því ég var fimmtán ára, í yfir fimmtán ár,“ segir Ragnheiður sem í dag temur, þjálfar, keppir og ræktar hesta.

▶4

**HÉR ER ÉG** Ragnheiður stendur á hestinum Svala frá Hvítárholti. Ragnheiður hefur notað smelluþjálfun til að kenna hestum ýmsar kúnstir.
MYND/VALLI



Stuðnings-stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Vilji vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.





Ingimar Jónsson, forstjóri Pennans, flutti ávarp. MYND/STEFÁN



Kynnar kvöldsins voru Ingþór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs og Ásdís Jóna, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu Pennans. MYND/BRAGI AGNARSSON



Guðrún Gyða Franklín arkitekt ásamt Ásdísi Jónu Sigurjónsdóttur, sölustjóra í fyrirtækjaþjónustu Pennans. MYND/STEFÁN



Per Winlöf frá Kinnarps ásamt vörustjórunum Ásþóri S. Birgissyni og Hafþóri Hannessyni. MYND/STEFÁN



Halldór Guðmundsson, Ágúst Þórðarson og Ólafur Sveinsson, einn eigenda Pennans. MYND/STEFÁN

# FRÁ VORHÁTÍÐ PENNANS Í TILEFNI AF 80 ÁRA AFMÆLINU

**PENNINN KYNNIR** *Frá árinu 1932 hefur íslenska þjóðin notið traustrar samfylgdar Pennans. Þar hafa allar kynslóðir getað sinnt sínum erindum, hvort sem það var þörf á ritföngum, bókum eða húsgögnum og enn bætist við vörur og þjónustu Pennans.*



Gísli Örn Garðarsson leikari, Ásta Halldórsdóttir í Pennanum og Garðar Gíslason. MYND/BRAGI AGNARSSON



Nálægt 500 manns mættu í boðið. MYND/STEFÁN



Elías Guðmundsson í Sérverki, Alda Ólafsdóttir og Einar Sveinsson í Húsasmiðjunni og Egill Jóhannsson frá Landspítala. MYND/STEFÁN



Nína Dögg Filipusdóttir leikkona og Elísabet Þórisdóttir frá Ásmundarsafni. MYND/BRAGI AGNARSSON



Sextán erlendir gestir komu í afmæli Pennans og er hluti hópsins á myndinni talið frá vinstri: Dieter og Alfonsa Kusch frá Kusch+Co, Frank van der Winkel frá Casala, Paulo Fratus frá MDF Italia, Petur Nolsö frá Færeyjum, Frederik Billiau frá MDF Italia, Stefan Paffendorf frá Wilkhahn, Per Winlöf fra Kinnarps, Magdalen Musial frá Vitra, Luca Meneghini frá Pedrali, Stefan Hoske frá Gubi og Frits Vendebæk frá Fumac. MYND/BRAGI AGNARSSON



Margrét Eir og hljómsveitin Thin Jim skemmti veislugestum með dillandi tónlist. MYND/STEFÁN



Guðrún Eva Jóhannesdóttir, fjármálastjóri Pennans, og Guðni Jónsson, framkvæmdastjóri húsgagnasviðs. MYND/STEFÁN




Vitra-veggurinn blasir við þegar komið er inn í nýja og glæsilega verslun Pennans í Skeifunni. Þar má finna tímalausa hönnun heimsþekktra hönnuða og framleiðenda ásamt íslensku Fansa-skrifstofuhúsgögnunum. MYNDIR/VALLI

# HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA

**PENNINN KYNNIR** *Fagurfræði og heillandi hönnunargripir heimsþekktra hönnuða hafa lengi verið aðalsmerki og stolt Pennans. Í nýrri verslun Pennans má finna einstaka nytjalistmuni sem bæði gleðja augað og gefa híbýlum fagurt svipmót og sérstakt yfirbragð.*



Radom hillur og stólar frá MDF Italia.




Eames Lounge-stóllinn og fleira fallegt.




Tense-borð og Wave-hillur frá MDF Italia og Hal-stólar frá Vitra.



Hér má sjá litríka stóla og borð frá Tolix.



**TAKK FYRIR** Ósk hneigir sig.



**KOSS** Ragnheiður kyssir Svala fyrir umburðarlyndið.



**SPARKAÐ Í BOLTA** Hestarnir hafa mjög gaman af þjálfuninni. Ragnheiður segir gamla jálka breytast í frískleg unglömb þegar þeir hlaupa eftir bolta.



**SPÆNSKA SKREFIÐ** Ragnheiður og Ósk eru stórstígar þegar þær þjálfa spænska skrefið.

Ragnheiður hefur þó undanfarið vakið athygli hestamanna fyrir frammistöðu sína á hestasýningum, bæði Æskunni og hestinum og Stórsýningu Fáks. Þar kom hún fram ásamt hryssu sinni Ósk frá Hvítárholti og saman léku þær ýmsar listir sem lögðust vel í áhorfendur. Hinar ýmsu kúnstir kenndi Ragnheiður hryssunni með smelluþjálfun sem hún hefur nýtt sér undanfarin ár með góðum árangri.

## FLJÓTIR AÐ KVEIKJA Á PERUNNI

„Mágkona mín lærði smelluþjálfun í Englandi og notaði mikið bæði á hesta og hunda. Hún kynnti þetta fyrir mér og svo byrjaði ég bara að fikra mig áfram," segir Ragnheiður sem er að mestu sjálfmenntuð í fræðunum. „Ég lærði grunninn af mágkonu minni og hef svo lært af reynslunni. Í raun þarf maður bara að nota hugmyndaflugið og þá getur maður notað þetta í nánast hvað sem er," segir Ragnheiður og tekur fram að henni hafi komið á óvart hversu fljótvirk aðferðin er. „Maður sér árangur um leið. Hestarnir eru fljótir að kveikja á perunni og læra hratt."

En hvernig virkar smelluþjálfun? „Maður byrjar á að bíða eftir ákveðinni hegðun, til dæmis að hesturinn snerti ákveðinn hlut. Þegar hann gerir það óvart smellir maður lítilli plastsmellu og gefur nammi um leið. Hesturinn fattar tenginguna um leið og endurtekur hegðunina," útskýrir Ragnheiður. Smám saman er hægt að kenna hestinum flóknari hluti og smátt og smátt er nammið tekið út en smellurinn verður næg hvatning. Hún segir flesta hesta móttækilega fyrir þjálfunaraðferðinni þó alltaf séu einhverjir sem hafi engan áhuga. „Maður hefur séð gamla og lúna hesta breytast í frískleg folöld við smelluþjálfunin, þeir hlaupa um, elta bolta og finnst mjög skemmtilegt."

Ragnheiður hefur aðallega notað smelluþjálfunina til að kenna hestum kúnstir en ekki í almennri reiðþjálfun. „Það er svolítið erfitt að vera bæði með taum og smellu," segir hún glettin en útilokar ekki að hægt sé að nota smelluna til að kenna hestum ýmislegt í reið. „Maður getur til dæmis notað smelli til að venja hesta af hræðslu við hluti eða til að laga ýmis hegðunarvandamál."

## VITUNARVAKNING

Meðal þess sem hestar Ragnheiðar kunna er að hneigja sig, snúa sér í hringi, sparka í bolta, dansa, leggjast niður, bakka og spænska skrefið. „Þá fylgja þeir manni eftir alveg hundrað prósent," segir Ragnheiður og bætir við að með þessari þjálfun eflist tengsl manns og hests. „Hryssan mín Ósk er til dæmis mjög viljug og stygg, ég næ henni varla úti í gerði. Þegar ég er með hana í þessum leikjum hleypur hún á eftir mér og gerir allt fyrir mig. Hún er líka að verða blíðari. Áður ruddist hún í burtu þegar ég tók af henni beislið, nú tekur hún sér tíma og stendur hjá mér og lætur knúsa sig."

Ragnheiður segir mikla vitundarvakningu vera meðal hestamanna um aðrar þjálfunaraðferðir. „Fólk er að uppgötva að hestamennska snýst ekki bara um að ríða í hringi," segir hún glaðlega.

solveig@365.is

## SÝNIKENNSLA

***Ragnheiður hefur haldið nokkur námskeið síðustu tvö árin þar sem hún blandar saman Seven games aðferð Pat Parelli og smelluþjálfun. Næsta fimmtudag, 16. maí, munu Ragnheiður og Súsanna Sand Ólafsdóttir vinkona hennar standa fyrir sýnikennslu í reiðhöllinni í Mosfellsbæ. „Það er ókeypis inn og allir velkomnir," segir hún.***




3.0 mm glerperlur - kippan 3360 perlur kr 895.-



10 mm Viðarperlur - lengjan kr 395.- 40 perlur



10 mm náttúrusteinar - lengjan kr 1490 - 40 steinar

GLÆSILEGT ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI



Allt í skartgripagerðina - frábær verð !



8 mm Glerperlur crackle - lengja ca 110 perlur kr 990.-

Úrvalið er hjá okkur

Föndurlist

Holtagörðum, s. 553-1800
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15
www.facebook.com/fondurlist

Stærsta föndurverslun landsins

Nýtt app




Fáðu FM95BLÖ í símann þinn!

Sæktu þér nýja appið og hlustaðu á FM957 hvar og hvenær sem er!

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

FM957


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 7. MAÍ 2013

Reynsluaostur Nissan Leaf
Mclaren P1 að seljast upp
Alfa Romeo jepplingur
Honda og Mazda auka hagnað




# YFIR 20 ÞÚSUND GESTIR Á ALLT Á HJÓLUM

## Margir forvitnilegir bílar voru fluttir til landsins vegna sýningarinnar

Það er mál manna að sýningin hafi heppnast mjög vel. Það var einnig frábær mæting en yfir tuttugu þúsund gestir komu hingað í Fífuna um helgina sem er metaðsókn. Það er greinilega mikill áhugi meðal almennings á bílum og það er vonandi að Íslendingar fari nú að endurnýja bílaflotann sem er orðinn einn sá elsti í Evrópu,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, en sambandið stóð fyrir stórsýningu á bílum og tækjum í Fífunni um helgina.

Á sýningunni Allt á hjólum var að finna nýjustu bílana á markaðnum, auk þess sem margir bílar voru sérstaklega fluttir til landsins í tilefni sýningarinnar. Alls voru um hundrað bílar og á fimmta tug ferðavagna sýndir á fjögur þúsund fermetrum. Mikið var um spennandi og áhugaverða bíla enda sýndu öll bílaumboðin nýjustu gerðir af bílum sínum. Auk allra helstu bílaumboða landsins voru einnig með á sýningunni fyrirtæki sem bjóða vörur og þjónustu sem á einn eða annan hátt tengjast farartækjum.

## Engin útvörp í bílum árið 2020

Svo gæti farið að enginn bílaframleiðandi sjái ástæðu til að útbúa bíla sína með útvarpi. Ástæða þessa er sú að internettengingar, streymi tónlistar og samhæfing snjallsíma í bílum eru að leysa af hólmi útvarpið og áhersla bílaframleiðendanna er á hina nýju tækni. Því benda líkur til þess að engin ástæða sé til að útbúa nýja bíla með hefðbundnu útvarpi innan 5-7 ára. Fólk getur áfram hlustað á sína útvarpsstöð, en sú útsending kemur með internettengingu, ekki FM- eða AM-hljóðbylgjusendingu. Bílaframleiðendur kappkosta nú að útbúa bíla sína 4G internettengingu og General Motors verður mjög fljótlega með slíka tengingu í sínum bílum.

**Öryggismál að hafa útvarp**

Ekki eru allir jafn hrifnir af þessari þróun og benda á að háhraðatengingu við Internetið sé ekki svo auðvelt að ná í dreifbýli eða á fjöllum þar sem lengra er á milli senda og útvarpsbylgjur náist mjög langt frá þeim sendum sem þeir útvarpa. Því sé verðugt öryggissjónarmið fólgið í því að hafa áfram útvarp í bílum.


LEGUR OG PAKKDÓSIR
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 – SÍMI 517 5000




Póst dreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

NISSAN LEAF

24 RAFHLÖÐUR, 107 HESTÖFL

**Eyðsla** Engin, einungis rafmagn
**Mengun** 0 g/km CO2

**Hröðun** 9,5 sek.
**Hámarkshraði** 144 km/klst
**Verð** 4.500.000 kr.
**Umboð** BL



# EKKERT BENSÍN – BARA BROS

## Drægnin hefur aukist í 199 kílómetra, bíllinn lést um 32 kíló og aksturseiginleikarnir batnað

**NISSAN LEAF**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

Einn af fáum bílum sem framleiddir eru í heiminum sem gengur eingöngu fyrir rafmagni er Nissan Leaf. Hann var söluhæsti einstaki rafmagnsbíllinn í heiminum í fyrra. Það sem loðað hefur við rafmagnsbíla hingað til er að verðið er svo hátt að það hefur fælt frá hinn venjulega bílakaupanda. Þeir einir hafa fjárfest í slíkum bíl sem meiri efni hafa og hafa með því getað keypt sér umhverfisvæna ímynd. Það gæti verið að breytast, ekki síst með tilkoma þessa breytta bíls, Nissan Leaf, sem bæði hefur lækkað umtalsvert í verði frá síðustu gerð, en einnig tekið stórvægilegum breytingum til batnaðar. Fullvaxinn rafmagnsbíll fyrir 4,5 milljónir hljómar ekki svo illa á þeim tímum þegar ekki fást nú miklir bílar fyrir einmitt þá upphæð. Rekstur hans verður síðan mikið tilhlökkunarefni og tími tugþúsunda króna sem fljúga úr veskinu á bensínstöðvunum er úti.

### 100 góðar breytingar og aukin drægni

Hvað hefur helst breyst frá síðustu kynslóð Nissan Leaf? Gerðar voru eitt hundrað breytingar á bílnum. Hann hefur léstum 32 kíló, skottið hefur stækkað umtalsvert og drægni bílsins hefur aukist og er nú 199 kílómetrar, en var 175. Rými fyrir farþega hefur einnig aukist, breytt staðsetning rafhlaðanna hefur aukið rými og bætt í leiðinni aksturseiginleikana því þær eru nú mjög neðarlega í gólfi bílsins. Fjöðrun bílsins hefur verið bætt og sérstaklega hönnuð fyrir Evrópumarkað í þeim bílum sem þangað fara. Nýr Nissan Leaf er nú smíðaður í Sunderland í Bretlandi fyrir Evrópumarkað, en bíllinn var áður aðeins smíðaður í Japan og í Bandaríkjunum. Bílinn má nú hlaða mjög hratt með 6,6 kW straumi og hann nær 80% hleðslu á 30 mínútum. Sætin hafa verið bætt og fleiri útfærslur á innréttingum bjóðast nú, en áður var einungis í boði ljós innrétting, en nú fæst bæði svört og leðurinnrétting. Bíllinn hefur einnig breyst lítillega að utan og klýfur nú loftið betur og er myndarlegri. Allt eru þetta mjög jákvæðar breytingar og það skrítna er að samt lækkar hann umtalsvert í verði.

### Hefur slegið í gegn í Noregi

Greinarskrifara bauðst fyrir skömmu að prófa þennan breytta Nissan Leaf hjá nágrönnum okkar í Noregi, nánar tiltekið í höfuðstaðnum Ósló. Það var fyrir tilviljun á sama tíma og Justin Bieber gerði allar ungmeyjar þar vitlausar með þremur tónleikum í röð, en





**INNRÉTTING**
Innréttingin hefur fengið jákvæða yfirhalningu og hægt að velja um leðursæti.



**EINFÖLD ÁFYLLING**
Auðveldara er að stinga Leaf í samband en að fylla á bensínbíl.

**FRÍÐARI**
Nissan Leaf er fjári laglegur bíll og hefur fríkkað með nýrri kynslóð hans.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

- Góðir aksturseiginleikar
- Lítill rekstrarkostnaður
- Raunhæft verð

- Fer ekki lengri ferðir út á land
- Drægni minni við kaldar aðstæður

önnur tilviljunin var sú að gist var á sama hóteli og unglingagoðið og litaðist heimsóknin örlítið af því. Noregur er sannkallað heimaland Nissan Leaf og reyndar flestra gerða rafmagnsbíla. Hvergi í heiminum hefur rafmagnsbílum verið betur tekið af kaupendum, en það er líka skiljanlegt í ljósi þeirra ívilnana sem rafmagnsbílar njóta. Á þeim eru hvorki vörugjöld né virðisaukaskattur og eigendur þeirra mega aka á sérstökum strætisvagnaakreinum og fá ókeypis í gegnum öll göng í Noregi og í allar ferjur. Bílastæði eru frí og rafmagnið sem býðst á fjölmörgum hleðslustöðvum í norskum borgum er líka ókeypis. Allt er þetta gert í anda umhverfisvitundar og það í landi sem er nú einn stærsti framleiðandi jarðefnaeldsneytis í heiminum. Svona geta hlutirnir verið skrítnir. Nissan Leaf hefur frá upphafi selst í 60.000 eintökum í heiminum öllum og af þeim hafa 3.500 selst í Noregi. Í fyrra var Nissan Leaf með 1,7% markaðshlutdeild seldra nýrra bíla í Noregi og seldist í 2.298 eintökum. Nissan Leaf er t.d. næstsöluhæsti einstaki bíll í Þrándheimi. Í ár er búist við því að enn fleiri Nissan Leaf seljist í Noregi en í fyrra og þessi markaður skiptir Nissan talsverðu máli og ekki skrítið fyrir vikið að hin nýja gerð hans hafi verið kynnt fyrir bílablaðamönnum einmitt þar.

**Merkilega góður akstursbíll og vænlegur kostur**

Að aka Nissan Leaf, eða raunar hvaða rafmagnsbíl sem er, er skrítin tilfinning, að leggja af stað hljóðlaust og finnast bíllinn ekki vera í gangi og taka fyrir vikið sérstaklega vel eftir annarri umferð, þar sem líklega enginn heyrir í manni nálgast. Það er einnig skrítið að finna hversu góð upptakan er í bílnum og ljúf því engin er skiptingin og því engin högg og skrykkir. Aksturseiginleikarnir eru alveg furðulega góðir og fyrir því finnst hve þyngdarpunktur bílsins er neðarlega og merkilega lítið finnst fyrir því að Leaf er aðeins þyngri en venjulegur bíll í sama stærðarflokki. Ekið var um nágrenni Óslóborgar og í borginni og eftir því tekið að drægni bílsins stóðst vel við uppgefnar tölur. Á tæplega níutíu kílómetra leið fór hálf hleðsla bílsins, en hafa verður í huga að kalt var í Ósló á þessum degi og því ekki hægt að gera kröfu um 199 kílómetra drægni. Auk þess var ekkert verið að spara miðstöðina, en hún eyðir drjúgu rafmagni. Viðkynning þessa bíls var öll hin besta, hann er flottur að innan sem utan, er góður akstursbíll með krafta í kögglum, kostar ekkert að reka og er nú kominn á mjög samkeppnishæfu verði. Það er loks komin rík ástæða fyrir Íslendinga að hugleiða kaup á rafmagnsbíl.

# HONDA OG MAZDA AUKA HAGNAÐ EN LÆKKAR HJÁ HYUNDAI

## Þrátt fyrir ágætan hagnað þeirra hagnaðist Hyundai meira en þau til samans



Misjafnt er gengi bílaframleiðendanna, en tölur fyrir fyrsta ársfjórðung streyma nú út. Honda jók hagnað sinn frá fyrra ári um 6,6% og er því helst að þakka lækkandi gengi heimagjaldmiðilsins og mikilli sölu Honda Accord og CR-V í Bandaríkjunum. Hagnaður Honda þessa fyrstu þrjá mánuði var 761 milljón dollara eða 89 milljarðar króna. Yenið hefur fallið um 21% frá nóvember í fyrra og það hjálpar Honda að flytja út bíla sína. Honda seldi 5,5% fleiri bíla í Bandaríkjunum nú en í fyrra og stefnir að því að bæta sölumet sitt þar frá árinu 2007, en þá seldu þeir 1,55 milljón bíla. Honda framleiddi 4,01 milljón bíla í fyrra en ætlar að framleiða sex milljónir árið 2017 og eru menn þar ansi brattir hvað von um vöxt varðar. Í ár er stefnan að selja 4,4 milljón bíla. Opnun nýrra verksmiðja á næstunni í Taílandi, Malasíu og Mexíkó er liður í þeim vexti og munu þær að mestu framleiða litla bíla, en þar er Honda sterkust fyrir.

**Gott uppgjör Mazda**

Uppgjör Mazda var líka jákvætt en fyrirtækið hagnaðist um 364 milljón dollara eða 42,6 milljarða króna. Það var hins vegar tap á rekstrinum í Bandaríkjunum. Það tap telja Mazda-menn að taki enda í ár. Mazda seldi 273.000 bíla í Bandaríkjunum á fyrsta ársfjórðungi og nam söluaukningin tveimur prósentum. Er það helst að þakka góðri sölu á CX-5 jepplingnum. Miklar væntingar eru hjá Mazda varðandi sölu í Bandríkjunum í ár vegna komu endurhannaðra Mazda 6 og Mazda 3 bíla. Mazda seldi 6% færri bíla í Evrópu en í fyrra. Þar hefur Mazda einnig miklar væntingar um aukningu í sölu. Hjá Mazda hafa menn einnig trú á áframhaldandi lækkun yensins. Mazda spáir 13% aukningu hagnaðar fyrir allt árið í ár og 8% aukningu í sölu og að heildarsalan verði 1,34 milljón bílar. Hún var 1,24 milljón bílar í fyrra. Stefnan er að selja 1,7 milljónir bíla árið 2016.

**Óveðursský hjá Hyundai/Kia en samt mikill hagnaður**

Ekki er alveg sömu góðu söguna að færa frá suðurkóreska framleiðandanum Hyundai/Kia en þar féll hagnaðurinn um 15% frá fyrra ári. Þar á bæ er gjaldmiðillinn ekki að hjálpa heldur skaðar fyrirtækið vegna hækkunar. Verkföll settu einnig strik í reikninginn á þessum fyrsta ársfjórðungi. Þá eru endurgreiðslur til þeirra bíleigenda sem kærðu vegna rangra eyðslutalna ekki til þess fallnar að auka hagnað, sem og innkallanir. Hyundai og Kia finna mjög fyrir aukinni samkeppni frá japönskum bílaframleiðendum og verðbilið sem er á milli bíla frá Suður-Kóreu og Japan var er horfið. Hyundai og Kia er þó engin vorkunn hvað hagnað varðar því hann nam 1,9 milljörðum dollara, eða 222 milljörðum króna og var því næstum tvöfalt hærri en hjá Honda og Mazda samanlagt. Það er bara samanburðurinn frá því í fyrra sem er með neikvæðum formerkjum en afar vel hefur gengið hjá Hyundai og Kia á undanförnum árum. Gjaldmiðillinn suðurkóreski, won, hefur styrkst um 4,2% frá áramótum og það kætir ekki kóreska framleiðendur. Því hugleiða Hyundai og Kia að framleiða meira af bílum sínum í öðrum löndum. Hlutabréf í Hyundai hafa fallið um 11% á árinu.



# Alfa Romeo-jepplingur

## Þrátt fyrir ágætan hagnað þeirra hagnaðist Hyundai meira en þau til samans

**Hver vill ekki taka þátt í hinum sívaxandi jepplingamarkaði. Bílframleiðendunum fer ört fjölgandi sem taka þar þátt. Fiat hefur uppi miklar væntingar með Alfa Romeo-merki sitt og ætlar að tefla djarft, ekki síst á Ameríkumarkaðnum.**

**Einn liður í því er að bjóða upp á þennan bíl á næstu tveimur til þremur árum og jafnvel smíða fleiri en eina gerð jepplinga. Hann mun hugsanlega hafa sama undirvagn og Jeep Cherokee eða Grand Cherokee, en Fiat á jú megnið af Chrysler, sem Jeep-merkið fellur undir.**

**Maserati er eitt merki enn sem Fiat á og þar á bæ er verið að vinna að smíði jeppa sem á að keppa við Porsche Cayenne og Land Rover-jeppana. Fiat ætlar sér að nota sölunet Chrysler í Bandaríkjunum við sölu Alfa Romeo-bíla og kannski mun það einnig eiga við Maserati.**





# McLaren P1 að seljast upp þrátt fyrir hátt verð hans

## Verður framleiddur í 375 eintökum og aðeins 100 eintök eru eftir.

Ef einhver var að hugleiða kaup á nýja McLaren P1 bílnum er rétt að benda þeim sama á að hafa hraðar hendur því aðeins eru 100 bílar eftir af áætlaðri 375 bíla framleiðslu hans. Flestir þeirra hafa selst í Mið-Austurlöndum, Bandaríkjunum og Evrópu. Bíllinn er 903 hestöfl og kemst því aðeins áfram en er líklega ekki mjög hentugur á íslenskum malarvegum. Öll þessi hestöfl fær hann úr 3,8 lítra V8-bensínvél með tveimur forþjöppum, en einnig öflugum rafhlöðum og er hann því tvinnbíll. Bíllinn kostar 1,15 milljón dollara í Bandaríkjunum, eða 134 milljónir króna, en myndi fá talsvert hærri verðmiða hérlendis vegna þeirra vörugjalda og virðisaukaskatts sem ofan á smyrst. Rafhlöður bílsins má hlaða með venjulegu heimilisrafmagni og kemst hann fyrstu tíu kílómetrana á því einu saman.

FORMÚLA 1 Vísir.is









# HALLANDI BORÐ LOSAR UM SPENNU

**ÍSLENSK HÖNNUN** *María Guðjónsdóttir er nýútskrifaður vöruhönnuður. Hún er líka heilsunuddari og í útskriftarverkefni sínu frá Listaháskóla Íslands rannsakaði hún vinnustellingar fólks í kyrrsetuvinnu og álagsmeiðsl. Lokaverkefnið er hallandi skrifborð sem hún kallar 110°.*

Sem heilsunuddari hef ég fengið til mín mikið af fólki með álagsmeiðsl, svo sem tennisolnboga, sinaskeiðabólgu, höfuðverk og verki í hálsvöðvum. Í rannsóknarvinnunni fyrir lokaverkefnið heimsótti ég vinnustaði með myndavélina með mér og fylgdist með fólki vinna. Það vakti athygli mína sérstaklega hvernig fólk reynir að aðlaga sjálft sig að umhverfinu. En ég spyr af hverju reynum við ekki að aðlaga umhverfið að okkur?“ útskýrir María Guðjónsdóttir, nýútskrifaður vöruhönnuður frá LHÍ, en hún hannaði hallandi skrifborð til að standa við.

Hún segir oft einblínt á hreyfanleika skrifborðsstólsins við hönnun skrifstofuhúsgagna en ekki á borðið og eru gjarnan fjölmargar stillingar sem þykja hentugar fyrir líkamann á skrifborðsstólum. Úrval stillanlegra skrifborða fyrir sömu aðstæður er ekki jafn mikið. „Langar setur í stól hafa slæm áhrif á líkamann og stoðkerfið en talið er að álagsmeiðslin komi meðal annars til vegna þess að stóru liðamót líkamans eiga erfitt með að halda sér í níutíu gráðu vinkli,“ segir María. „Ákjósanlegast fyrir líkamann er að fólk standi við vinnuna og setjist heldur niður til að hvílast. 110° borðið er ætlað til notkunar við tölvuvinnu. Borðplatan hallar 110 gráður frá lóðréttri standandi stöðu líkamans en við það verður vinkillinn á olnboga opnari og einnig réttist úr úlnliðum svo meira jafnvægi verður í líkamanum. Þar með léttist á þeirri spennu sem veldur fyrrnefndum álagsmeiðslum,“ segir María en hún ráðfærði sig meðal annars við sjúkraþjálfara við vinnslu verkefnisins.

Þá segir hún frekari útfærslu á borðinu á döfinni. ■ heida@365.is



**MARÍA GUÐJÓNSDÓTTIR** útskrifaðist úr vöruhönnun frá LHÍ í vor.



**LOSAR UM SPENNU** María rannsakaði vinnustellingar kyrrsetufólks í lokaverkefni sínu frá LHÍ. Hún segir oftar einblínt á hönnun stóla fyrir skrifstofuvinnu en langar setur hafi slæm áhrif á stoðkerfi líkamans. Hallandi borðplatan opnar olnbogana og réttir úr úlnliðum svo það slaknar á líkamanum við vinnuna.
MYND/MARÍA GUÐJÓNSDÓTTIR

**VEFSÍÐA**
***Nánar má forvitnast um hönnun Maríu á www.doabledesign.is***

# LÁGKOLVETNA RÉTTIR

**CULIACAN KYNNIR** *Nú geta viðskiptavinir Culiacan bragðað á þremur nýjum og gómsætum lágkolvetnisréttum. Kolvetni er lágmarkað í réttunum og mesta orkan kemur úr próteinum og fitu. Lágkolvetnafæði hentar flestu fólki mjög vel og réttirnir á Culiacan eru hollir og í hæfilegum skömmtum.*

Mexíkóski veitingastaðurinn Culiacan kynnir þessa dagana þrjá nýja spennandi rétti á matseðli sínum. Réttirnir eru allir lágkolvetnisréttir en slíkt fæði nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi og víða um heim. Þar er meðal annars lögð áhersla á að minnka kolvetni en aðaláherslan er á fitu og prótein að sögn Sólveigar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Culiacan. „Um er að ræða þrjá virkilega spennandi og góða rétti sem við höfum þróað í samvinnu við hönnuðinn Maríu Kristu sem meðal annars heldur úti vinsælu lífsstílsbloggi. Við erum virkilega spennt að sjá hvernig viðskiptavinir okkar taka þessum skemmtilegu nýjungum.“

Réttirnir þrír eru lágkolvetna „Hot plate“ sem er sterkur og ljúffengur réttur sem byggir á grilluðu eggaldini og kjúklingi eða nautakjöti. Nýtt og ferskt salat er einnig á listanum og svo eftirréttur en Culiacan hefur aldrei áður boðið upp á eftirrétt að sögn Sólveigar.

María Krista, sem þróaði nýju réttina í samvinnu við Culiacan, er mikill ástríðukokkur og segist nýlega hafa fengið áhuga á lágkolvetnisfæðinu. „Ég var orðin eitthvað þreytt á þessu týpíska heilsufæði til að reyna að halda mér á réttu róli. Svo kom í ljós hveitióþol innan fjölskyldunnar sem ýtti undir áhuga minn enn frekar. Lágkolvetnisfæðið var því tilraun til að breyta til og hefur hún virkað mjög vel. Öll fjölskyldan hefur tekið vel á móti nýjungunum úr eldhúsinu.“

Þessi tegund matreiðslu hefur verið mjög vinsæl undanfarið. Hún snýst í stuttu máli um að minnka kolvetni í fæðunni og auka fituna þannig að mesta orkan komi úr próteinum og fitu. Það gerir það að verkum að blóðsykurinn hækkar ekki eins og með kolvetnum því prótein og fita hafa engin áhrif á blóðsykurinn. Því kemur ekki þessi sætuþörf sem margir kannast við. Með innihaldi réttanna viljum við meina að líkaminn brenni frekar fituforðanum þegar hann er ekki upptekinn við að brenna kolvetnunum.“

**FJÖLBREYTTIR RÉTTIR**

Eggaldin er ekki algengt á borðum landsmanna en María Krista segist lengi hafa verið spennt fyrir því hráefni. „Grillað eggaldin hentar vel með mexíkóskum mat sem er sterkur og bragðgóður. Viðskiptavinir geta annað hvort fengið sér réttinn með kjúklingi eða nautahakki. Við höfum einnig bætt chorizo-pylsu í réttinn sem gerir hann ljúffengari og saðsamari. Margir karlmenn vilja eitthvað meira en kjúkling og salat og þá hentar þessi réttur mjög vel, að minnsta kosti finnst manninum mínum hann alveg frábær. Nýja salatið er kjúklingasalat með osti, guacamole og macademia-hnetum. Að lokum bjóðum við upp á ljúffengan eftirrétt sem er einfaldur rjómabúðingur með dökku súkkulaði og hindberjum.“

María segir lágkolvetnafæði ætti að henta flestu fólki mjög vel og réttirnir á Culiacan séu hollir og í hæfilegum skammti. Réttirnir innihalda hollt og gott grænmeti eins og eggaldin og lárperur sem takmarki kolvetni og auki hlutfall góðrar fitu. „Neysla á slíku fæði virkar líka vel á fólk sem á það til að rjúka upp og niður í blóðsykri og á þar af leiðandi erfitt með að hemja sig, til dæmis í lok dags. Það eru nokkur ár síðan ég sneri blaðinu við og náði mjög góðum árangri með bættu mataræði og hreyfingu en þessi nýi lífsstíll er sá allra skemmtilegasti hingað til enda matur sem bragð er af og fjölskyldan elskar.“

Culiacan er til húsa að Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík. Sjá nánari upplýsingar á www.culiacan.is og á facebook.



**HOLLT OG GOTT** María Krista heldur hér á lágkolvetna „Hot plate“ sem er einn þriggja nýrra rétta hjá Culiacan.



**LJÚFFENGT SALAT** Nýja salatið er kjúklingasalat með osti, guacamole og macademia-hnetum.



**GÓMSÆTT Í LOKIN** Fyrsti eftirrétturr Culiacan er rjómabúðingur með dökku súkkulaði og hindberjum.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Hilmar S: 851-1960. hilmarmichaelsig@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Fáðu tilboð þér að kostnaðalausu . TréogMálun ehf. Kristján 692 5735.

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



Parket og sólpallaslípun um allt land. Alltaf besta verðið. www. parketmeistarinn.is 7728100.




**FASTEIGNAVIÐHALD**
Allt viðhald fasteigna, fljót og góð þjónusta. Málum, smíðum og fl. Uppl. í s. 867 4968 Njàll.

**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

## Nudd

Sulanuddstofan býður uppá slakandi heilsunudd. Opið frá 9-18 líka um helgar. Síminn er 771 2117.

## Spádómar




Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**

**S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Fallegur vandaður kvenfatnaður. Sími 6956679 www. beautyinblack.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Barnakerra, nokkrir ónotaðir kjólar og skór til sölu á kolaportsverði og einnig kjólateikningar tilboðsverð. Sími: 8608454 5613143.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3ja herb., 100 fm íbúð í Vesturbænum til leigu í sumar. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 618 1113 í kvöld og á morgun.

Til leigu 20fm herb. í laugardalnum. Bara kvk kemur til greina. Uppl: 616 1056.

## Húsnæði óskast

**RAÐHÚS**
Óskum eftir raðhúsi eða einb. Til leigu Á svæði 110. Góðri umgengni og skilvísum Greiðslun heitið. Uppl. í síma 698 1226.

Óska eftir 4 herb. Íbúð helst í Grafarvogi til leigu frá 1 september ath leita eftir langtímaleigu Meðmæli ef óskað er Uppl. í síma 772-6658.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GEYSIR - BISTRÓ BAR AÐALSTRÆTI**
Erum að leita af röskum og metnaðarfullum aðila til að vinna með okkur í eldhúsinu, fullt starf. Ekki yngri enn 18 ára.
**Upplýsingar veitir Helga í s. 517 4300**

**ENERGIA VEITINGAST. SMÁRALIND**
Viljum ráða aðstoðarmanneskju í eldhúsið okkar um er að ræða hlutastarf aðallega um helgar og seinni part dags. Reynsla af störfum í eldhúsi æskileg. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa frumkvæði, vera snyrtilegur, stundvís og heiðarlegur og eiga gott með að vinna með öðrum. Parf að geta byrjað sem fyrst. Íslenska skilyrði.
**Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á energia@energia.is**

**SAMSKIP ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA BÍLSTJÓRA MEÐ MEIRAPRÓF CE.**
Bæði er um að ræða sumarafleysingar og fast framtíðarstarf. Við erum með gámaakstur um höfuðborgarsvæðið einnig er um að ræða tilfallandi akstur út á land.
**Nánari uppýsingar veitir Jón Þór Jónsson þjónustustjóri 8588657.**

**VEITINGARHÚSIÐ HORNIÐ**
Óskar eftir að ráða vanan pizzubakara í fullt starf. Umsóknir sendist á hornid@hornid.is.

**AÐSTOÐARMAÐUR BAKARA!**
Aðstoðamaður bakara óskast í sumar, vinnutími frá 6 - 13. bílpróf nauðsynlegt. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi eða í síma 551 1531 Ingunn. Björnsbakarí Skúlagötu.

Vegna mikilla anna getum við á Sushisamba bætt við okkur starfsfólki í eldhús. Reynsla í Sushigerð skilyrði. Hægt er að fá nánari uppl. á staðnum eða á eythor@sushisamba.is

## Atvinna óskast

Smiðir óska eftir vinnu. Getum byrjað strax. Áhugasamir hafið samband í s. 847 0638.




## Til sölu




**Krossgáta í helgarblaðinu**



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.



**Allt sem þú þarft**

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

## Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

- **Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells, Borgarbyggð**
- **Borgarbraut frá Merkigili að Bröttusíðu, Akureyri**
- **Malarnám á Munkaþveráreyrum, Eyjafjarðarsveit**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **10. júní 2013.**

**Skipulagsstofnun**

## Byggingarsamvinnufélagið Aðalból

Heldur félagsfund mánudaginn 13. maí 2013 kl. 18.00.
Fundurinn verður haldinn að Síðumúla 17, 2. hæð

**Fundarefni;** Slit félagsins

***Stjórnin***

HORNAFJÖRÐUR

## Kynningarfundur

**Endurskoðun aðalskipulags sveitfélagsins Hornafjarðar 2014-2030**
**Deiliskipulag við Jökulsárlón.**

**Kynningarfundur fyrir Nes –Höfn og Lón**

**Verður haldinn 8. maí kl. 12:00 í Ráðhúsi Hafnarbraut 27 Höfn.**

**Umhverfis og skipulagsnefnd Hornafjarðar**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

## GARÐATORG

EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

## Lyngbrekka 19, Kópavogi

**Opið hús þriðjudaginn 7. maí frá kl 18.00-19.00**




**Aukaíbúð/Góð kaup!**
Snyrtilegt og gott talsvert endurnýjað tveggja hæða parhús auk, kjallara, bílskúrs og lítillar stúdíóíbúðar sem er góð til útleigu, alls 191,6 fm. Góð staðsetning innst í botlanga í lokaðri húsagötu. Skipti á minni eign möguleg.
**Sölumaður Sigurður s. 8983708**

## Fasteignir

ÁS FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17, Hf.
Sími 520 2600
as@as.is
www.as.is

**Eiríkur Svanur Sigfússon**
lögg. fasteignasali



## VÍÐIVANGUR 8 – HAFNARFIRÐI




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30-18:30**

Fallegt 145 fm einbýli á einni hæð ásamt 49 fm bílskúr, samtals 194 fm innst í botnlanga á góðum stað í Norðurbænum. 5 svefnherbergi. Eldhús nýuppgert með hvítri háglansinnréttingu. Verönd og ræktuð lóð. Laust strax. **Verð 43,9 millj. Eiríkur Svanur löggiltur fasteignasali tekur á móti gestum, s. 862-3377**

## BLIKAÁS 40 – HAFNARFIRÐI




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:30-19**

Sérlega fallegt 176,8 fm parhús ásamt 28,7 fm bílskúr, samtals 205,5 fm á góðum stað í Áslandinu. 5 svefnherbergi. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í eldhúsi. Suðurverönd með heitum potti. Rúmgóðar flísalagðar suðursvalir. Laust strax. **Verð 47,9 millj. Eiríkur Svanur löggiltur fasteignasali tekur á móti gestum, s. 862-3377**

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Hjarðarhagi 15, Reykjavík

**5 herbergja hæð**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 - 18.00**




Falleg og björt 132,4 fm. 5 herbergja hæð, 3. hæð, í fjórbýlishúsi í vesturbænum. Rúmgóðar og bjartar stofur. Þrjú herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Útgengi á svalir úr hjónaherbergi og stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér geymsla í kjallara og einnig sér útigeymsla.
**Verð 38,5 millj.**
**Íbúð merkt 0301. Einar og Lilja á bjöllu. Verið velkomin.**

## Nönnustígur 2 – Hafnarfirði

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30- 18.00**




Mjög glæsilegt 143,7 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum auk geymslu í kj á þessum fallega og eftirsótta stað í gamla bænum í Hafnarfirði. Húsið stendur á 309 fermetra leigulóð með góðum veröndum, sér bílastæðum og matjurtargarði. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. járn á húsi og þaki, þakrennur og niðurföll, þakkantur endurnýjaður, verandir á lóð, raflagnir og tafla, gler og gluggar o.fl.
**Verð 43,0 millj. Verið velkomin.**

*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*

## EIGNAMIÐLUN

Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## OPIN HÚS

**Blikaás 40 HF - parhús**
Mjög gott og vel skipulagt tvílyft parhús. Rúmgott hellulagt bílaplan og stór verönd. Húsið skiptist m.a. í forstofu, innbyggðan bílskúr fimm rúmgóð herbergi, sjónvarpshol tvö baðherbergi, eldhús og stofu.
**Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7.maí milli kl. 17:00 og kl. 18:00. V. 47,9 m.**2695

**Brekkusel 6 - endaraðhús m. bílskúr.**
247,1 fm endaraðhús á þremur hæðum með aukaíbúð á 1.hæðinni og 22,6 fm bílskúr. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað m.a eldhús og baðherb á efri hæðum. 4-5 svefnherb. Góður garður.
**Eignin verður sýnd þriðjud. 7.maí milli kl. 17:30 og kl. 18:15. V. 41,9 m.**2698

**Bugðulækur 3 - 2.hæð.**
Íbúð 0201 er 5 herbergja hæð í góðu vel staðsettu fjórbýlishúsi. 3 svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur. Endurnýjað eldhús, fataskápar, gólfefni og fl. Góðar svalir. Stór og góður garður.
**Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7.maí milli kl. 12:00 og kl. 13:00. V. 33,9 m.**2697

**Kópavogsbraut 76 - Glæsilegt einbýli**
Glæsilegt mjög mikið endurnýjað og fullbúið einbýlishús á tveimur hæðum við Kópavogsbraut. Húsið er allt ný uppgert á mjög glæsilegan hátt, vandaðar innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergi, tvær stofur og sjónvarpshol. Sjón er sögu ríkari. **Eignin verður sýnd þriðjud. 7.maí frá kl. 17:00-18:00 V. 53,9 m.**2687






## Grettisgata 13








**GRETTISGATA 13, 2. HÆÐ OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 7. MAÍ KL. 17:30 - 18:30.**
Sérlega falleg 60 fermetra stúdíó íbúð á besta stað í miðbænum. Björt og falleg. selst með húsgögnum. Tilbúin til útleigu fyrir ferðamenn. **Verð 21.9 millj.**

## JÖFUR

ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



## TIL SÖLU EÐA LEIGU

**Faxafen 10, 108 Reykjavík**
668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Uppl. um verð í síma



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!

# Grillbúðin

**BERIÐ SAMAN VERÐ OG GÆÐI**












**Eina sérverslun landsins með grill og garðhúsgögn**

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi, S. 554 0400 - Við hliðina á BÓNUS**

Ástkær eiginmaður minn

**FABIO TAGLIAVIA,**
**Palermo, Italíu**

lést 30. apríl s.l.

**Svava Magnúsdóttir Tagliavia og fjölskylda.**

---



Ástkær eiginmaður minn og faðir minn,

**EYJÓLFUR GUÐNI BJÖRGVINSSON**
**viðskiptafræðingur,**
**Kringlunni 81, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. maí kl. 15.00.

**Elsa Rúna Antonsdóttir**
**Anton Björgvin Eyjólfsson**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ILONA STEFÁNSSON**
**Keilusíðu 6e, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hornbrekku 2. maí. Útför hennar fer fram frá Draflastaðakirkju laugardaginn 11. maí kl. 13.00.

**Sigríður Steinþórsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**
**Sigríður Harðardóttir**
**Kristinn Steinþórsson**
**Jón Steinþórsson**
**Stefanía Sigurjónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJÖRGVIN MAGNÚSSON**
**( BJÖRGVIN Í BORG )**
**frá Vestmannaeyjum,**
**Gullsmára 10, Kópavogi,**

lést 2 maí á Hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, samtök hjartveikra barna.

**Sigríður Karlsdóttir**
**Magnús Björgvinsson**
**Kristrún Ingibjartsdóttir**
**Kristín Björgvinsdóttir**
**Ómar Jónasson**
**Gísli Björgvinsson**
**Nanna Hreinsdóttir**
**Ásrún Björgvinsdóttir**
**Karl Pálsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**HEIÐA RÓSA SIGURÐARDÓTTIR**
**Kjalarsíðu 1b, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 29. apríl. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 10. maí kl. 10.30. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Kjalarsíðu og lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir hlýja og góða umönnun.

**Jóna Sigurðardóttir**
**Benedikt Valtýsson**
**Sigvaldi Einarsson**
**Kristján Sigurðsson**
**Ingunn Pálsdóttir**
**Sigrún Klara Sigurðardóttir**
**Ólafur H. Helgason**
**Kolbrún Sigurðardóttir**
**Sveinn Friðriksson**
**Guðmundína Ingadóttir**
**Stefán Sigurðsson**
**Guðrún Helga Ágústsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN TÓMAS INGJALDSSON**
**fv. aðalbókari Seðlabanka Íslands,**
**Sæviðarsundi 60, Reykjavík,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 27. apríl, verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 8. maí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlega bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í síma 543-1000 eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Ástbjörg S. Gunnarsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir**
**Hálfdán S. Helgason**
**Ingi Gunnar Jóhannsson**
**Kristín G. Hákonardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Valskórinn 20 ára

**Halldór Einarsson kenndur við Henson er meðal söngvara Valskórsins sem fagnar 20 ára afmæli með tónleikum í Háteigskirkju í dag. Kórinn er nýkominn úr tónleikaferð til Belfast.**



**VALSKÓRINN** Syngur í tilefni 20 ára afmælis í Háteigskirkju í kvöld.

„Við höfum starfað óslitið frá árinu 1983 en það hefur svo sem ekki farið mikið fyrir okkur," segir Halldór Einarsson, Henson, sem er einn 28 meðlima í Valskórnum sem heldur upp á tvítugsafmælið í dag með afmælistónleikum í Háteigskirkju. „Við æfum einu sinni í viku en oftar þegar tónleikar nálgast. Við syngjum til dæmis alltaf á jólatónleikum með Fóstbræðrum en sá kór var stofnaður af séra Friðriki Friðrikssyni sem einnig stofnaði Val árið 1911."



**HALLDÓR EINARSSON**

Æfingar kórsins fara alltaf fram í kapellunni sem kennd er við séra Friðrik og stendur á íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda. Kórfélagarnir eru margir hverjir gallharðir Valsarar. „Við erum þó nokkuð mörg sem erum Valsarar en það er samt ekki skilyrði fyrir inngöngu í kórinn," segir Halldór sem er Valsari út í gegn, lék með meistaraflokki Vals á sínum yngri árum.

Valskórinn fagnaði áfanganum einnig með ferð til útlanda en hópurinn fór til Belfast á dögunum. „Við lékum þar í Skainos-tónleikasalnum ásamt hljómsveitinni Raven Micks sem flutti írsk þjóðlög. Tónleikarnir voru hluti af hátíðahöldum sem marka upphaf afmælisfagnaðar vegna 90 ára afmæli stuðningsmannafélags Glentoran F.C. en tengsl þess við Val eru mjög góð," segir Halldór sem lék með Val þegar liðið mætti Glentoran í Evrópukeppni meistaraliða árið 1977. „Tengslin rofnuðu nú um tíma en við endurvöktum þau og það varð úr að við fórum í afmælisferðina til Belfast." Halldór segir vel hafa tekist til en þess má geta að þeir voru haldnir til styrktar Leah Batchelor sem lamaðist eftir heilablóðfall og gengur nú í gegnum erfiða endurhæfingu. „Þetta var tóm lukka skal ég segja þér, fyrst komum við og sungum fyrir stuðningsmennina og nokkrum dögum síðar vann liðið írska bikarinn."

Afmælistónleikar Valskórsins verða haldnir í Háteigskirkju klukkan átta í kvöld. Gestasöngvarar eru Guðrún Gunnarsdóttir og Marta Kristín Friðriksdóttir. Undirleikari er Jónas Þórir og stjórnandi Bára Grímsdóttir.

sigrdur@frettabladid.is

---

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi, bróðir og frændi,

**GODSON UWAWUKONYE ONYEMAUCHECHUKWU ANUFORO**
**Barmahlíð 33, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 19. apríl. Kistulagning fer fram í Hallgrímskirkju föstudaginn 10. maí kl. 14.30. Allir velkomnir. Hann verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 11. maí kl. 14.00.

**Elizabeth F. Maro Anuforo**
**Obinna Sturla C. Anuforo**
**Ósk Ukachi U. Anuforo**
**Onyema Óðinn C. Anuforo**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,

**HELGI S. GUÐMUNDSSON**
**Boðaþingi 10, Kópavogi,**

sem lést þriðjudaginn 30.apríl, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju, miðvikudaginn 8.maí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigrún Sjöfn Helgadóttir**
**Anna María Helgadóttir**
**Benedikt Hálfdanarson**
**Eva Rakel Helgadóttir**
**Höskuldur Ólafsson**
**Guðmundur Anton Helgason**
**Helga Valdís Árnadóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

**EYGLÓ JÓNASDÓTTIR**
**Hraunbæ 66**

Lést á líknardeild landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 3. maí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 13. maí kl. 13

**Kristján Gunnarsson**
**Gunnar Kristjánsson**
**Oddný Bára Ólafsdóttir**
**Unnur Kristjánsdóttir**
**Þórir Björgvinsson**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Guðmundur Hilmarsson**
**Páll Kristjánsson**
**Sinéad McCarron**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA SIGURBJÖRNSDÓTTIR**
**Espigrund 8, Akranesi,**

andaðist fimmtudaginn 2. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 10. maí kl. 14.00.

**Guðjón Finnbogason**
**Margrét Guðjónsdóttir**
**Björn Þverdal Kristjánsson**
**Sigurður Guðjónsson**
**Ása Jóhannsdóttir**
**Snorri Guðjónsson**
**Brynja Leósdóttir**
**og ömmubörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HJALTI EINARSSON**
**efnaverkfræðingur,**
**fyrrverandi framkvæmdastjóri,**
**Strandvegi 11, Garðabæ,**

lést á Landakotsspítala miðvikudaginn 1. maí. Kveðjuathöfn fer fram í Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 8. maí kl. 15.00. Jarðsett verður frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 11. maí kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Hólskirkju í Bolungarvík, reikningsnúmer 1176-18-911908, kennitala 630169-5269.

**Guðrún Halldóra Jónsdóttir**
**Halldór Jón Hjaltason**
**Guðrún Jónína Jónsdóttir**
**Einar Garðar Hjaltason**
**Kristín Sigurðardóttir**
**Gísli Jón Hjaltason**
**Anna Kristín Ásgeirsdóttir**
**Elísbet Hjaltadóttir**
**Hilmar Garðar Hjaltason**
**Elísabet A. Ingimundardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, afi, sonur, bróðir og frændi,

**SIGURGEIR BALDURSSON**

lést á líknardeild fimmtudaginn 2 maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 15. maí kl. 13.00.

**Baldur Sigurgeirsson**
**Megumi Nishida**
**Sylvía Sigurgeirsdóttir**
**Rúnar Örn Eiríksson**
**Kristrún Sigurgeirsdóttir**
**Jón Konráðsson**
**Særún Sai Baldursdóttir Nishida**
**Baldur Sigurgeirsdóttir**
**Hrönn Jóhannesdóttir**
**Arndís Baldursdóttir**
**Sólborg Baldursdóttir**
**Dagbjört Bára Baxter**
**Davíð Jónsson**



pepsi deildin
PEPSI DEILDIN BYRJAR MEÐ LÁTUM
ÚRSLITIN RÁÐAST Í MAÍ
Misstu ekki af hápunkti íþróttavertíðarinnar á Stöð 2 Sport. Úrslitin ráðast í boltanum í Evrópudeildinni og í Meistaradeild Evrópu. Svo byrjar Pepsi deildin en hún hefur aldrei verið sterkari! **Tryggðu þér besta sætið í leiftrandi háskerpu.**
NBA
Stærstu stjörnurnar takast á í úrslitakeppni sterkustu körfuboltadeildar í heimi.
ÚRSLITALEIKURINN
Í MEISTARADEILDINNI
Misstu ekki af stórleik ársins á Wembley
Eftir ótrúleg undanúrslit er komið að ögurstundu í Meistaradeildinni. Í alþýskum úrslitaleik mætast Dortmund og Bayern München á Wembley, laugardaginn 25. maí. Taktu kvöldið strax frá.
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
UEFA EUROPA LEAGUE
EVRÓPU DEILDIN
Torres og félagar í Chelsea eiga góða möguleika á að fara alla leið í Evrópudeildinni!
Í OPINNI DAGSKRÁ
FORMÚLA 1 Í MÓNAKÓ OG KATALÓNÍU
Það missir enginn bílaáhugamaður af Mónakó kappakstrinum. Háspenna í leiftrandi háskerpu!
Formula 1
SPÆNSKI BOLTINN
Úrslitin ráðast hjá Messi, Ronaldo, Falcao og öllum hinum stjörnunum í einni sterkustu deild í heimi.
ÞÝSKI HAND-BOLTINN OG MEISTARA-DEILDIN
Strákarnir okkar verða í eldlínunni í sterkustu deildum heims.
ÚRSLIT Í FA BIKARNUM
Manchester City og Wigan mætast í úrslitaleik elstu bikarkeppni í heimi.
2 SPORT HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

# BAKÞANKAR



ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR
SKRIFAR

## Ábyrgi tískuunnandinn

Tæplega sex hundruð látnir eftir að verksmiðja í Bangladesh hrundi. „Meðal verslana sem framleiddu fatnað hjá fataverksmiðjunni voru spænska Mango, ítalska Benetton og breska Primark.“ Ég horfði sakbitin niður á nýja bolinn minn eftir lestur á nýlegum fréttum um hrun fataverksmiðjunnar í Bangladesh. Hann kostaði fimm pund í Primark í Glasgow. 900 íslenskar krónur. Gjöf en ekki gjald svo ég fjárfesti í tveimur litum, sniðið var svo agalega fínt. Það tók hins vegar ekki nema tvær ferðir í þvottavélinni áður en bolirnir fóru að láta á sjá.

**VERSLANIR** á borð við ofangreinda Primark og sænska verslanarisann Hennes & Mauritz eru í sérstöku uppáhaldi hjá verslunarglöðum Íslendingum og ég er engin undantekning þar á. Í utanlandsferðum eru pokar gjarnan fylltir af fatnaði á hlægilegu verði. Skápar eru fylltir af sama bolnum í öllum litum, því hann var svo ódýr og strax byrjað að safna fyrir næstu ferð. Hennes & Mauritz eru ein af þeim alþjóðlegu verslanakeðjum sem hafa komist í fréttirnar fyrir að eiga í viðskiptum við vafasamar verksmiðjur í Asíu.

**VIÐ** lestur á fréttum af slysinu í Bangladesh blasti það við mér að nú væri kominn tími á hugarfarsbreytingu – gerast ábyrgur tískuunnandi. Hætta að troðfylla fataskápa af hræódýrum fatnaði í litlum gæðum. Hætta að láta lokkandi verðmiðann heilla og láta skynsemina ráða. Það er nefnilega ekki hægt að loka augunum lengur fyrir því sem liggur að baki lága verðinu. Vissulega geta risavaxnir fataframleiðendur haldið verðlaginu í lágmarki með því að panta hverja flík í óheyrilegu magni en á bak við lágt verð felast hvorki viðunandi vinnuaðstæður né mannsæmandi laun.

**EIN** af ástæðum sem gefin er upp varðandi hrun verksmiðjunnar í Bangladesh er að húsnæðið var ekki byggt fyrir þess háttar starfsemi. Veggirnir þoldu ekki þung tækin og hristinginn sem fylgdi því að þúsundir saumavéla voru látnar mala allan sólarhringinn. Það er skelfilegt að hugsa til þess að kannski var verið að sauma ofangreindan bol sem nú hangir inni í skáp hjá mér. Bolinn sem veitir mér skammvinna gleði því hann endist í besta falli fram á haust.

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** þvogl, **6.** skst., **8.** skordýr, **9.** blaður, **11.** hljóm, **12.** útlit yfirborðs, **14.** vinna, **16.** berist til, **17.** sunna, **18.** ástæður, **20.** drykkur, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** frá, **4.** burnirót, **5.** fugl, **7.** virkjun, **10.** bekkur, **13.** fljótfærni, **15.** bæli, **16.** hrökk við, **19.** kvað.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** babl, **6.** fr, **8.** fló, **9.** mas, **11.** óm, **12.** áferð, **14.** starf, **16.** bt, **17.** sól, **18.** rök, **20.** te, **21.** áður.
**LÓÐRÉTT:** **1.** afmá, **3.** af, **4.** blóðrót, **5.** lóm, **7.** rafstöð, **10.** set, **13.** ras, **15.** flet, **16.** brá, **19.** ku.

# SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Í dag hefst ofurskákmót í Stafangri í Noregi þar sem nánast allir sterkustu skákmenn heims taka þátt og þar á meðal Carlsen, Aronian, Topalov og heimsmeistarinn Anand.

**Staða dagsins kom upp í skák Carlsen og Anand í Bilbao 2012. Hvítur lék síðast 30. a2-a4**



Anand sá sína sæng útbreidda og gafst upp í stað í stað þess að kveljast lengur. Skák þessi þótti lýsa snilld Norðmannsins vel enda var vandséð að finna hvar heimsmeistarinn hafi leikið af sér í skákinni.

**www.skak.is** Hægt er að fylgjast með mótinu í Stafangri. Einnig á www.norwaychess.com.

# MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




# SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 | 8 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 2 | 7 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 2 | 3 | 9 |
| 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 6 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 6 | 9 | 5 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 7 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 4 | 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Minna að fletta
meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

***Úr umsögn dómnefndar:*** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

visir.is

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR Á ÚTSÖLUNNI

Philips Bluetooth
HÖGGVARINN HÁTALARI
Frábær í fríið.
Verð aðeins 19.990
Fullt verð 49.990
Sparið 30.000
60% AFSLÁTTUR

Philips 32“ 3D
Ambilight SJÓNVARP
Verð áður 219.990
Tilboð 149.990
Sparið 70.000
32% AFSLÁTTUR

Panasonic 55“ 3D
SmartViera SJÓNVARP
Verð áður 499.990
Tilboð 399.990
Sparið 100.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 1000w 5.1
3D HEIMABÍÓ
Verð áður 149.990
Tilboð 99.990
Sparið 50.000
33% AFSLÁTTUR

Epson 3D
HEIMABÍÓSKJÁVARPI
Verð áður 199.990
Tilboð 159.990
Sparið 40.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 32“ Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 129.990
Tilboð 94.990
Sparið 35.000
27% AFSLÁTTUR

Thomson 39“ Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 119.990
Tilboð 89.990
Sparið 30.000
25% AFSLÁTTUR

Panasonic 2.1 3D
HEIMABÍÓKERFI
Verð áður 84.990
Tilboð 59.990
Sparið 25.000
29% AFSLÁTTUR

Olympus Pen DSLM
MYNDAVÉL MEÐ LINSU
Verð áður 79.990
Tilboð 59.990
Sparið 20.000
25% AFSLÁTTUR

JBL BÍLHÁTALARAR
með allt að
41% AFSLÆTTI

HEYRNARTÓL
með allt að
40% AFSLÆTTI

MYNDAVÉLAR
með allt að
38% AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI
með allt að
39% AFSLÆTTI

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 - LAUGARDAGA 10-16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# „Það verður að hafa fyrir þessu“

Börkur Jónsson leikmyndahönnuður hlaut dönsku Reumert-verðlaunin á sunnudag fyrir leikmynd sína í sýningunni Bastarðar.

„Þetta kom skemmtilega á óvart, en það er víst óvenjulegt að Reumert-verðlaunin falli útlendingi í skaut,“ segir Börkur Jónsson leikmyndahönnuður en leikmynd hans í sýningunni Bastarðar var valin leikmynd ársins á Reumert-hátíðinni, leiklistarverðlaunahátíð Dana, á sunnudagskvöld.



BÖRKUR JÓNSSON

Bastarðar er samstarfsverkefni Vesturports, Borgarleikhússins, Malmö Stadtsteater og Får302 í Kaupmannahöfn. Forvinna sýningarinnar var unnin af alþjóðlegum hópi á Íslandi í vor og lauk með tveimur forsýningum á Listahátíð og var verkið svo sýnt í Kaupmannahöfn og Malmö, áður en það fór í reglulegar sýningar á Stóra sviði Borgarleikhússins fyrr á leikárinu.

Leikmynd Barkar var að sönnu stórbrotin; áhorfendur sátu í hring í kringum skógi vaxið svið, yfir því gnæfði málmgrind og á miðju sviðinu var djúpur hylur.

„Þetta er að mörgu leyti sérstök leikmynd,“ segir Börkur, „mjög stór og kostaði mikla handavinnu. Hún umlykur áhorfendur og fyllir þannig vitin og sjónsviðið; það sitja allir inn í skóginum sem verkið gerist í. Svo var hún sýnd í tjaldi áður en við uppfærðum hana fyrir Stóra sviðið í Borgarleikhúsinu og það var líka mjög spennandi og tæknilega krefjandi.“ Börkur segist þó ekki geta metið hvort þetta sé hans best heppnaða leikmynd til þessa. „Hver leikmynd er utan um ákveðið verkefni og það er mjög erfitt að taka hana úr því samhengi og bera þær saman.“

Börkur hefur um nokkurt skeið verið í hópi fremstu leikmyndahönnuða landsins og unnið mikið með Vesturporti, þar sem umgjörðin skiptir ekki síst máli. Börkur segir það þó aldrei vera markmiðið að slá sér við á milli sýninga.



**ÚR BASTÖRÐUM** Börkur segir leikmyndina að mörgu leyti óvenjulega, hún sé mjög stór og útheimti mikla handavinnu enda umlykur hún áhorfendur og fylli sjónsviðið.

„Maður hugsar bara hvert verkefni fyrir sig, það verður að vera þannig. Maður má ekki falla í þá gryfju að setja upp leikrit á öðrum forsendum en verksins sjálfs. En á hinn bóginn þá reyni ég líka að endurtaka mig ekki og setja mér markmið til að gera verkið krefjandi. Það verður að hafa fyrir þessu.“ Hann segir vinnuferlið með Vesturporti líka eiga vel við sig. „Það er allt opið og frjálst; allir hafa rétt á sinni skoðun og þær eru teknar til greina. Enginn er básaður af í eigin horni, enda er ekki hægt að vinna þannig í leikhúsi; það er ávísun á misheppnaða sýningu.“

Börkur segir vel mögulegt að Reumert-verðlaunin eigi eftir að verða til þess að verkefnum utanlands fjölgi. Vesturport stefnir nú á að setja Hróa hött á svið í Bergen og því næst í Boston. „Hver veit nema sú sýning endi svo á Broadway.“

bergsteinn@frettabladid.is





**FJÖLSKYLDAN**

## Styttum prýddur ferill Barkar

**2010** Grímuverðlaunin fyrir leikmyndina í Fjölskyldunni
**2008** Grímuverðlaunin fyrir Hamskiptin (tilnefndur til Evening Standard Theatre Awards fyrir sömu sýningu 2006)
**2006** Grímuverðlaunin fyrir Woyzeck og Afmælisveisluna



**AFMÆLISVEISLAN**



**WOYZECK**



**HAMSKIPTI**

# 13 spora kerfi fyrir varúlfa

BÆKUR ★★★☆☆

**Úlfshjarta**
Stefán Máni
**JPV-ÚTGÁFA**

Stefán Máni rær á ný mið í nýjustu bók sinni Úlfshjarta. Bókin er flokkuð sem „young-adult“ bók en einfaldara er nú að flokka hana sem unglingabók, enda markhópurinn 12 til 15 ára unglingar, ef mér skjátlast ekki.

Í anda þeirra bóka sem vinsælastar hafa verið fyrir þennan aldurshóp er Úlfshjarta með yfirnáttúrulegu ívafi, aðalsöguhetjan Alexander reynist vera varúlfur og fjallar sagan um þau átök sem því fylgja og leiðina til bata með aðstoð óvirkra varúlfa.

Stefnuskrá óvirkra varúlfa er sótt þráðbeint í 12 spora kerfi AA-samtakanna að öðru leyti en því að sporin eru þrettán í tilfelli varúlfanna og erfðavenjurnar sömuleiðis. Freistandi er því að lesa söguna sem varnaðarorð til unglinganna um að varast áfengi og eiturlyf sem breyta karakternum og gera fólk óábyrgt gerða sinna. Verst bara að unglingarnir fatta þau skilaboð sennilega ekki.




Þótt bókin sé með þessum formerkjum er hér árgangs Stefán Máni á ferð: átök persóna við sjálfar sig og þá sem standa þeim næst, átök milli góðs og ills alias undirheimalýðs og þeirra sem feta þrönga stíginn, yfirnáttúrulegir kraftar, glæpir og syndagjöld.

Auk Alexanders eru aðalpersónur bókarinnar stelpan sem hann er skotinn í, Védís, vondi varúlfurinn Rúnar sem þó á sér málsbætur, góði óvirki varúlfurinn Sæmundur, sem leiðbeinir Alexander um leiðina út úr varúlfamennskunni, og drulludelinn Eddi feiti sem virðist vera rotinn frá grunni. Allar þessar persónur þekkjum við úr fyrri bókum Stefáns Mána nema unglingana tvo en þó má með góðum vilja lesa Alexander sem yngri útgáfu af Herði lögreglumanni sem við þekkjum úr nýjustu glæpasögum SM. Allar eru þær vel dregnar og sannfærandi þótt lesandi eigi dálítið erfitt með að kyngja því að Alexander sé nítján ára, eins barnslegur og óreyndur og hann er. Védís er hins vegar sterkasta kvenpersóna sem SM hefur skapað og óskandi að hann skrifaði fleiri bækur með hana í forgrunni.

Sagan er vel sögð og mátulega spennandi, ofbeldi og kynlíf í hæfilegum skömmtum og hin aldagamla barátta þeirra sem eru á skjön við samfélagið skemmtilega sett fram. Ofan í kaupið er hér heilmikill fróðleikur um goðsöguna um varúlfa í gegnum aldirnar þótt atriðið frá Noregi á þrettándu öld hefði gjarnan mátt missa sig.

Bókin er prýðilega stíluð og á köflum er textinn með því besta sem Stefán Máni hefur skrifað. Það er ekkert slegið af kröfunum þótt ætlaður lesendahópur sé yngri en sá sem hann hefur áður skrifað fyrir.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hressileg og vel skrifuð unglingasaga með sannferðugum persónum og skemmtilegri útfærslu á átökunum við fíkniefnaneyslu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 07. MAÍ 2013**

### Tónleikar

**20.00** Sigurgeir Agnarsson, sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari koma fram á tónleikaröðinni Þriðjudagsklassík í Garðabæ sem haldin er í Tónlistarskóla Garðabæjar.

### Fundir

**19.30** Kristín Arnþórsdóttir bókasafnsfræðingur leiðir umræður um Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur innan bókmenntafélagsins, sem er opinn félagsskapur bókaáhugamanna sem hittist reglulega á Bókasafni Seltjarnarness.

**20.00** Félagsvist spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík Stangarhyl 4.

### Tónlist

**20.30** Kvintett danska kontrabassaleikarans Richard G. Andersson og íslenska saxófónleikarns Sigurðar Flosasonar kemur fram á djasskvöldi á Kexi.

**21.00** Kammerhópurinn Stilla heldur tónleika á Rósenberg.

### Fyrirlestrar

**12.00** Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku máli við Háskóla Íslands, heldur fyrirlesturinn Sprogmixere og purister. Sprogbrug, sprogholdninger og identitet blandt danskere i Norge. í fyrirlestrasal Norræna hússins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*




**KEX klikkar ekki**
Pétur Marteins og Gunnar kokkur á KEX taka á móti þúsundum erlendra og innlendra ferðalanga í hverjum mánuði. Sumir ferðast yfir hálfan hnöttinn og vantar afslappaða gistingu meðan aðrir koma gangandi í mat, drykk eða á tónleika. Það eru alltaf hundrað hlutir í gangi á KEX og þess vegna þurfa kerfin að vera traust og örugg.

Síminn




## Boltakúnstir á Barnaspítala

Bandaríska körfuboltaliðið Harlem Globetrotters hélt vel heppnaða sýningu fyrir troðfullu húsi í Kaplakrika um síðustu helgi. Nokkrir meðlimir liðsins notuðu tækifærið og heimsóttu Barnaspítala Hringsins ásamt sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Þar var þeim vel tekið og glöddu þeir börnin með alls kyns boltakúnstum. Börnin sjálf fengu einnig að taka þátt í leiknum og skemmtu þau sér hið besta.

**Á BARNASPÍTALANUM** Meðlimir Harlem Globetrotters á Barnaspítala Hringsins ásamt tveimur stúlkum.
MYND/HARALDUR BJARNASON






**GERA MYND SAMAN** Jóhanna Ýr Jónsdóttir og Sighvatur Jónsson undirbúa mynd um Vestmannaeyjagosið þar sem áður ósagðar sögur koma fram. MYND/ÓSKAR PÉTUR

# Ósagðar sögur Vestmannaeyjagossins

Sighvatur Jónsson og Jóhanna Ýr Jónsdóttir gera heimildarmynd um Vestmannaeyjagosið sem frumsýnd verður á Goslokahátíð í Eyjum í júlí.

„Við höfum verið með þessa hugmynd í kollinum lengi og erum fegin að geta loksins farið alla leið með þetta,“ segir fréttamaðurinn Sighvatur Jónsson sem, ásamt Jóhönnu Ýri Jónsdóttur, er að gera heimildarmynd um Vestmannaeyjagosið.

Sighvatur og Jóhanna Ýr eru gamlir skólafélagar frá Vestmannaeyjum en eiga það sameiginlegt að þau voru ekki fædd þegar gosið átti sér stað. Þau langaði til að taka saman áður ósagðar sögur sem tengjast gosinu og segja af nógu að taka. „Við erum kynslóðin sem upplifir ekki sjálft gosið heldur bara fylgist með eftirmálunum,“ segir Sighvatur sem hefur starfað í sjónvarpi síðustu tíu ár en þetta er í fyrsta sinn sem hann gerir heimildarmynd í fullri lengd.

Myndin ber vinnuheitið Útlendingur heima – uppgjör við eldgos og er vísun í þá tilfinningu sem margir íbúar Vestmannaeyja höfðu eftir gosið. „Mörgum leið eins og útlendingum í eigin landi eftir gos, bæði í Vestmannaeyjum og á fastalandinu,“ segir Sighvatur. Myndin er eins konar uppgjör við gosið þar sem einblínt er á áhrif þess á mannsálina. „Við tölum bæði við fólk sem flutti aftur heim eftir gos og svo þá sem gerðu það ekki. Fáum að vita ástæðuna á bak við þær ákvarðanir og tölum við þá sem voru börn á þeim tíma. Mikið púður fór í uppbyggingu bæjarfélagsins á tímunum eftir gos. Í ljósi umræðu um áfallahjálp í dag er áhugavert að skoða hvernig staðið var að þeim málum á þessum tímum.“

Myndin verður frumsýnd í Vestmannaeyjum í tengslum við Goslokahátíð og sýnd á RÚV í kjölfarið eða þann 7. júlí.

alfrun@frettabladid.is

## Rúmlega 900 krakkar sendir til Noregs



MYND/BOEL KRISTIN STØVERN

Sighvatur og Jóhanna Ýr eru nýkomin aftur eftir að hafa verið í tökum í Noregi. Sumarið eftir gosið árið 1973 ákvað Rauði krossinn í samvinnu við Icelandair að bjóða grunnskólabörnum úr Vestmannaeyjum á aldrinum sjö til fimmtán ára í skemmtiferð til Noregs, en þá tilteknu ferð er fjallað um í myndinni. Börnunum var dreift á ýmsa staði í Noregi þar sem þau dvöldu fjarri foreldrum í tvær vikur. „Þetta er stórmerkilegt ferðalag sem kannski fáir vita af og við ákváðum að snúa aftur á gamlar slóðir með nokkrum af þeim sem fóru í þetta ferðalag á sínum tíma. Það var margt mjög áhugavert sem kom þar fram,“ segir Sighvatur, en meðal þeirra eru vinirnir Óskar Ólafsson og Magnús Bragason sem sjást á myndinni hér liggja saman í kojunum í Íslendingahúsinu í Norefjell. Þess má geta að eiginkona Magnúsar, Adda Jóhanna Sigurðardóttir var einnig í sömu ferð sem barn, en það uppgötvuðu þau hjónin ekki fyrr en löngu seinna.



**FÖSTUDAGSKVÖLD**

## SPURNINGABOMBAN

Frumlegustu spurningarnar, fyndnustu keppendurnir og fáránlegustu svörin!

**HEFST 30. MAÍ**

## GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL

Jói Fel er mættur aftur og að þessu sinni ætlar hann að kenna okkur hvernig á að bera sig að við útigrillið í eitt skipti fyrir öll.





2 | 2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TÍVÍ

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# ÍSLENSKU ÞÆTTIRNIR **BLÓMSTRA Í MAÍ**

BYRJAÐU SUMARIÐ Í FRÁBÆRUM FÉLAGSSKAP Á STÖÐ 2

## NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI** OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds-þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjald-tölvunni hvar og hvenær sem er.



**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**

## KALLI BERNDSEN

Kalli Berndsen bregður á leik með litríkan og smekklegan þátt sem hjálpar þér að líta betur út og skemmtir þér vel í leiðinni.

**HEFST 15. MAÍ**

## HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Meistarakokkurinn Árni Ólafur lifir af landinu uppi í Borgarfirði, kynnir fyrir okkur íslenska matarmenningu og hefðir með heimaræktuðu hráefni. Nýstárlegur og skemmtilegur matreiðsluþáttur.





**HEFST 26. MAÍ**

## TOSSARNIR

Brottfall er mikið úr skólum. Í Tossunum fylgir Lóa Pind fimm einstaklingum sem hafa hætt í skóla, m.a. Jóni Gnarr borgarstjóra.

FÍTON / SÍA

**HEFST 11. MAÍ**

## LATIBÆR

Hinir geysivinsælu Latabæjarþættir snúa aftur! Fylgist með ævintýrum Íþróttaálfsins, Sollu stirðu og allra hinna.



2 HD

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

# Kaflaskipt Babúsku-frumraun

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Grúska Babúska**
Grúska Babúska
**SYNTHADELIA RECORDS**



Grúska Babúska er fyrsta plata samnefndrar sveitar sem skipuð er þeim Hörpu Fönn Sigurjónsdóttur, Arndísi A. K. Gunnarsdóttur, Guðrúnu Birnu La Sage de Fontenay og Dísu Hreiðars. Umbúðirnar eru að sönnu frumlegar og glæsilegar, usb-lykill í líki babúsku, en innihaldið öllu misjafnara að gæðum.

Á köflum gengur blandan af þjóðlaga- og rafpoppi mjög vel upp hjá Grúsku Babúsku. Þess ber helst merki í fyrstu tveimur lögunum (af sex, því í raun er um stuttskífu að ræða), Slagaranum og Daradada. Bæði eru stórgóð, melódísk og nánast dáleiðandi. Þessar lagasmíðar henta fjölskrúðugum hljóðfæraleiknum og vel útfærðum röddununum vel, en útsetningar þeirra eru líka hráar og skemmtilega á skjön við flestar viðteknar reglur. Þá sigla Burg og Snilldarlag (hið fyrra nokkurs konar skringileg afbökun á Brennið þið vitar og það síðara eftir fiftísuppskrift) gremjulega lygnan sjó eftir lofandi byrjun.

